



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Reglur um skólahverfi, umsókn og innritun í grunnskóla Reykjavíkurborgar - breyting á skólahverfamörkum

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 8. febrúar 2017 voru lögð fram fram drög að reglum um skólahverfi, umsókn og innritun í grunnskóla Reykjavíkurborgar auk yfirlits yfir skiptingu í skólahverfi eftir borgarhlutum, reglur um skólahverfi og innritun í grunnskóla Reykjavík, samþykktar 3. mars 2005 og reglur um afhendingu farmiða til nemenda í grunnskólum borgarinnar með strætisvögnum Reykjavíkur og akstur nemenda með hópbifreiðum. Auk þess lagðar fram umsagnir foreldrafélags Vogaskóla, dags. 30. janúar 2017, umsögn skólaráðs Vogaskóla, dags. 27. janúar 2017, umsögn skólaráðs Langholtsskóla, dags. 26. janúar 2017, umsögn hverfisráðs Laugardals, dags. 31. janúar 2017, umsögn foreldrafélags Melaskóla, dags. 6. febrúar 2017, umsögn skólaráðs Grandaskóla, dags. 2. febrúar 2017, umsögn foreldrafélags Grandaskóla, dags. 2. febrúar 2017, umsögn skólaráðs Melaskóla, dags. 3. febrúar 2017, umsögn foreldrafélags Grandaskóla, dags. 14. janúar 2017, umsögn foreldrafélags Melaskóla, dags. 14. janúar 2017, umsögn skólaráðs Grandaskóla, dags. 10. janúar 2017, umsögn skólaráðs Melaskóla, dags. 12. janúar 2017 og bréf sviðsstjóra til foreldra leikskólabarna, dags. 27. janúar 2017. Jafnframt lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 12. desember 2016, um endurskoðun reglna um skólahverfi og innritun í grunnskóla Reykjavíkurborgar.

Á fundinum var lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúa Pírata:

Skóla- og frístundaráð samþykkir og vísar til borgarráðs drögum að reglum um skólahverfi, umsókn og innritun í grunnskóla Reykjavíkurborgar sem byggðar eru á niðurstöðum starfshóps skóla- og frístundasviðs.

Samþykkt er að gera tvær breytingar á skólahverfamörkum. Skólahverfamörkum Langholtsskóla og Vogaskóla verði breytt frá og með upphafi skólaársins 2017 – 2018 þannig að Álfheimar 31 – 35, Glaðheimar, Sólheimar 25, Hlunnavogur og Sigluvogur flytjast úr skólahverfi Langholtsskóla yfir í skólahverfi Vogaskóla. Breytingin hafi ekki áhrif á þá nemendur sem nú þegar sækja Langholtsskóla og Vogaskóla.

Jafnframt er samþykkt að skólahverfamörk Grandaskóla og Melaskóla verði færð þannig að Meistaravellir tilheyri Grandaskóla fyrir nýja nemendur frá upphafi skólaársins 2017 - 2018. Breytingin hafi ekki áhrif á þá nemendur sem nú þegar sækja Grandaskóla og Melaskóla.

Í báðum tilvikum eigi foreldrar sem eiga lögheimili í götum sem færast á milli skólahverfa við breytinguna val um í hvorn skólann börn þeirra fari og forgang í báða skólana út skólaárið 2017 - 2018.

Greinargerð fylgir.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs.

Tillöggunni er hér með vísað til borgarráðs.

Virðingarfyllst



Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Umsögn

Tillaga ásamt greinargerð

Drög að reglum um skólahverfi, umsókn og innritun auk yfirlits yfir skiptingu skólahverfa

Reglur um skólahverfi og innritun í grunnskóla Reykjavíkur

Reglur um afhendingu farmiða til nemenda

Umsögn skólaráðs Vogaskóla, dags. 27. janúar 2017

Umsögn foreldrafélags Vogaskóla, dags. 30. janúar 2017

Umsögn skólaráðs Langholtsskóla, dags. 26. janúar 2017

Umsögn skólaráðs Langholtsskóla, dags. 10. desember 2015

Umsögn hverfisráðs Laugardals, dags. 31. janúar 2017

Umsögn Foreldrafélags Melaskóla, dags. 6. febrúar 2017

Umsögn skólaráðs Grandaskóla, dags. 2. febrúar 2017

Umsögn foreldrafélags Grandaskóla dags. 2. febrúar 2017

Umsögn skólaráðs Melaskóla, 3. febrúar 2017

Umsögn stjórnar Foreldrafélags Grandaskóla, dags. 14. janúar 2017

Umsögn Foreldrafélags Melaskóla, dags. 14. janúar 2017

Umsögn skólaráðs Grandaskóla, dags. 10. janúar 2017

Umsögn skólaráðs Melaskóla, dags. 12. janúar 2017

Bréf til foreldra leikskólabarna, dags. 27. janúar 2017

Minnisblað sviðsstjóra, dags. 12. desember 2016

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúa Pírata um endurskoðun fyrirkomulags skólahverfa og innritun nemenda í grunnskóla:

Skóla- og frístundaráð samþykkir og vísar til borgarráðs drögum að reglum um skólahverfi, umsókn og innritun í grunnskóla Reykjavíkurborgar sem byggðar eru á niðurstöðum starfshóps skóla- og frístundasviðs.

Samþykkt er að gera tvær breytingar á skólahverfamörkum. Skólahverfamörkum Langholtsskóla og Vogaskóla verði breytt frá og með upphafi skólaársins 2017 – 2018 þannig að Álfheimar 31 – 35, Glaðheimar, Sólheimar 25, Hlunnvogur og Siglúvogur flytjast úr skólahverfi Langholtsskóla yfir í skólahverfi Vogaskóla. Breytingin hafi ekki áhrif á þá nemendur sem nú þegar sækja Langholtsskóla og Vogaskóla.

Jafnframt er samþykkt að skólahverfamörk Grandaskóla og Melaskóla verði færð þannig að Meistaravellir tilheyri Grandaskóla fyrir nýja nemendur frá upphafi skólaársins 2017 - 2018. Breytingin hafi ekki áhrif á þá nemendur sem nú þegar sækja Grandaskóla og Melaskóla.

Í báðum tilvikum eigi foreldrar sem eiga lögheimili í götum sem færast á milli skólahverfa við breytinguna val um í hvorn skólann börn þeirra fari og forgang í báða skólana út skólaárið 2017 - 2018.

Greinargerð:

I Forsaga málsins

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 4. febrúar 2015 var samþykkt tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúa Pírata um endurskoðun fyrirkomulags skólahverfa og innritun nemenda í grunnskóla.

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 14. desember 2016 var lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 12. desember 2016, um endurskoðun reglna um skólahverfi og innritun í grunnskóla Reykjavíkurborgar og drög að reglum um skólahverfi, umsókn og innritun í grunnskóla Reykjavíkurborgar, dags. 6. desember 2016. Jafnframt lagðar fram reglur um skólahverfi og innritun í grunnskóla Reykjavíkur, samþykktar 3. mars 2005 og reglur um afhendingu farmiða til nemenda í grunnskólum borgarinnar með strætisvögnum Reykjavíkur og akstur nemenda með hópþingum.

Á fundinum þann 14. desember 2016 voru samþykktar málsmeðferðartillögur þar sem sviðsstjóra var falið að leita umsagnar annars vegar hverfisráðs Vesturbæjar og skólaráða og stjórnnum foreldrafélaga Grandaskóla og Melaskóla og hins vegar hverfisráðs Laugardals og skólaráða og stjórnnum foreldrafélaga Langholtsskóla og Vogaskóla á tillögum og hugmyndum starfshóps um endurskoðun reglna um skólahverfi og innritun í grunnskóla Reykjavíkurborgar. Óskað verði eftir því við hverfisráðin að þau boði til fundu vegna tillagnanna þar sem fjölskyldum væntanlegra grunnskólabarna í skólahverfunum verði kynntar tillögurnar.

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 25. janúar 2017 voru lagðar fram umsagnir skólaráðs Grandaskóla, dags. 10. janúar 2017, skólaráðs Melaskóla, dags. 12. janúar 2017, stjórnar foreldrafélags Grandaskóla, dags. 14. janúar 2017, foreldrafélags Melaskóla, dags. 14. janúar 2017, varðandi endurskoðun skólamarka.

Auk þess var lögð fram tillaga um að skólahverfamörk Grandaskóla og Melaskóla verði færð að Hofsvallagötu frá og með upphafi skólaársins 2017 - 2018. Samþykkt verði að foreldrar sem eiga lögheimili í götum sem færast á milli skólahverfa við breytinguna hafi val um í hvorn skólann börn þeirra fari og forgang í báða skólana út skólaárið 2019 - 2020. Breytingin hafi ekki áhrif á þá nemendur sem nú sækja Melaskóla og Grandaskóla.

Á fundinum var samþykkt málsmeðferðartillaga þar sem sviðsstjóra var falið að leita umsagnar skólaráða og stjórna foreldrafélaga Grandaskóla og Melaskóla og hverfisráðs Vesturbæjar á tillögu um að skólahverfamörk Grandaskóla og Melaskóla verði færð að Hofsvallagötu frá og með upphafi skólaársins 2017 – 2018. Tillagan felur í sér að foreldrar sem eiga lögheimili í götum sem færast á milli skólahverfa við breytinguna hafa val um í hvorn skólann börn þeirra fari og forgang í báða skólana út skólaárið 2019 – 2020. Breytingin hefur ekki áhrif á þá nemendur sem nú sækja Melaskóla og Grandaskóla.

II Hverfamörk Langholtsskóla og Vogaskóla

Í umsögn skólaráðs Vogaskóla, dags. 6. jan 2017, kemur fram að skólaráðið hafi verið einhuga og sammála því að breyta hverfamörkum milli Langholtsskóla og Vogaskóla og bendir á að um sé að ræða að færa hverfamörkin til fyrra horfs. Skólaráðið bendir einnig á að skólahverfi Vogaskóla sé stórt en að skólinn rúmi allt að 400 nemendur en í nemendaspám SFS sé að óbreyttu aðeins gert ráð fyrir allt að 320 nemendum fram til ársins 2019. Skólaráðið tekur undir að nemendaspá tölfræði- og rannsóknarþjónustu SFS geri ráð fyrir mikilli fjölgun í Langholtsskóla en lítilli fjölgun í Vogaskóla. Skólaráðið ítrekar að meginreglan eigi að vera sú að nemendur stundi nám í sínum heimaskóla og bendir á að félagslegi þátturinn gegni oft stóru hlutverki í gengi nemenda í leik og starfi.

Umsögn barst frá foreldrafélagi Vogaskóla sem ekki gerir athugasemd við breytinguna á hverfamörkunum en bendir á að einkennilegt megi teljast að Njörvasundið sé undanskilið þeim breytingum sem lagðar eru til.

Í umsögn skólaráðs Langholtsskóla dags. 26. jan. 2017 kemur fram að ráðið fundaði um tillögur skóla- og frístundaráðs um breytingu á mörkum skólahverfa á fundi sínum 13. jan. sl. Skólaráðið hafði áður fjallað um kosti og galla núverandi skólahverfismarka þar sem m.a. kom fram að vegna fyrirsjáanlegrar fjölgunar nemenda í Langholtsskóla væri hugsanlega ástæða til að endurskoða mörkin milli skólahverfa Langholtsskóla og Vogaskóla. Skólaráðið telur nú nauðsynlegt að gera ráðstafanir vegna fyrirsjáanlegrar fjölgunar nemenda í Langholtsskóla og bendir á að þar séu hagsmunir nemenda í húfi þar sem Langholtsskóli búi við mun þrengri húsakost en Vogaskóli sem geti bætt við sig nokkrum nemendafjölda. Skólaráðið tekur því undir tillögur skóla- og frístundaráðs um breytingar á skólahverfamörkunum. Skólaráðið bendir jafnframt á að ekki sé tryggt að breytingarnar verði til þess að fækka nemendum í Langholtsskóla sem neinu nemur til skemmri tíma lítið þar sem

þeir nemendur sem búa á umræddu svæði og sem þegar eru í Langholtsskóla verði væntanlega áfram í skólanum og að foreldrar sem þegar eiga börn í Langholtsskóla muni að öllum líkindum óska eftir að yngri börn þeirra sækji líka Langholtsskóla. Því sé nauðsynlegt að mæta þörfum skólans fyrir aukið kennslurými. Skólaráðið gerir ekki athugasemdir við breytingar á innritunarreglum.

Samkvæmt upplýsingum frá formanni foreldrafélags Langholtsskóla dags. 6. feb. 2017 er stjórnin þátttakandi í umsögn skólaráðs Langholtsskóla og mun því ekki senda sérstaka umsögn um málið.

Íbúafundur var haldinn í Vogaskóla þriðjudaginn 24. jan. 2017 um hverfamörk Langholtsskóla og Vogaskóla í samvinnu hverfisráðs Laugardals og skrifstofu SFS. Þar kynnti sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs forsendur endurskoðunar skólahverfamarkanna og þá tillögu sem var til skoðunar. Í kjölfar kynningarinnar voru umræður og fyrirspurnir en ekki komu fram athugasemdir við tillöguna.

Nemendaspár og stærð skóla

Í janúar 2017 eru 644 nemendur í Langholtsskóla en 307 í Vogaskóla. Samkvæmt nemendaspá er gert ráð fyrir áframhaldandi fjölgun í Langholtsskóla til ársins 2020 en að þá fækki lítillega. Í Vogaskóla er spáð fjölgun frá og með haustinu 2019. Með öðrum orðum gerir nemendaspá ráð fyrir að munur á milli skólanna hvað nemendafjölda varðar minnki eitthvað á næstu 4 árum.

Skólabygging Langholtsskóla er 6317 m² en skólabygging Vogaskóla er 4321 m². Í hönnun nýrra skólabygginga er miðað við um 11 m² per barn en auðvitað skiptir skipulag húsnæðis líka máli, nýting þess og hönnunarforsendur á byggingartíma. Miðað við núverandi stöðu eru 9,8 m² per barn í Langholtsskóla en 14,1 í Vogaskóla.

Helsta ástæða þess að mun fleiri nemendur eru í Langholtsskóla en Vogaskóla er sú að meira en tvöfalt fleiri íbúðir eru í skólahverfi Langholtsskóla en í skólahverfi Vogaskóla. Í ársbyrjun 2017 eru skv. borgarvefsjá næstum 2500 íbúðir í skólahverfi Langholtsskóla en innan við 1200 íbúðir í skólahverfi Vogaskóla. Næstum 750 börn sem núna eru í 1. – 10. bekk búa í skólahverfi Langholtsskóla en innan við 300 börn á sama aldri búa í skólahverfi Vogaskóla. Það dregur hinsvegar aðeins úr muninum á milli skólanna tveggja hvað nemendafjölda varðar að fleiri nemendur úr skólahverfi Langholtsskóla sækja nám í Vogaskóla en öfugt. Í janúar 2017 sækja 56 nemendur úr skólahverfi Langholtsskóla nám í Vogaskóla en 29 nemendur úr skólahverfi Vogaskóla sækja nám í Langholtsskóla. Munurinn er 27 nemendur.

Með því að færa skólahverfamörk skólanna frá því sem nú er og að því sem tillagan gerir ráð fyrir, myndu um 170 íbúðir færast úr skólahverfi Langholtsskóla yfir í skólahverfi Vogaskóla. Þá yrðu eftir um 2330 íbúðir í Langholtsskólahverfinu en íbúðir í Vogaskólahverfinu væru komnar í um 1320. Nemendaspá miðað við að þessi breyting tæki gildi haustið 2017, má sjá í töflu 1. Þar sést að haustið 2021 gæti umrædd breyting hafi skilað 50 nemenda sveiflu á milli skólanna, í stað 680 nemenda í Langholtsskóla væru þeir komnir niður í 630 og í stað 331 nemenda í Vogaskóla gætu þeir verið komnir upp í 381. Fermetrafjöldinn á nemanda í

Langholtsskóla yrði reyndar svipaður því sem nú er, færi úr 9,8 fermetrum í rúmlega 10. En miðað við óbreytt skólahverfamörk og óbreytta nemendaspá gæti fermetrafjöldinn per nemenda farið niður í næstum 9 árið 2021. Í spánni er áfram gert ráð fyrir sömu skilum í skólana báða og er í dag, þ.e. að aðeins fleiri nemendur í skólahverfi Langholtsskóla velji Vogaskóla heldur en öfugt.

Tafla 1. Nemendaspá án og með breytingum					
	2017	2018	2019	2020	2021
Langholtsskóli	668	686	709	695	680
<i>Langholtsskóli með breytingu</i>	<i>662</i>	<i>672</i>	<i>678</i>	<i>654</i>	<i>630</i>
Vogaskóli	308	305	313	322	331
<i>Vogaskóli með breytingu</i>	<i>314</i>	<i>319</i>	<i>344</i>	<i>363</i>	<i>381</i>

Möguleg áhrif nýbygginga

Samkvæmt upplýsingum frá umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar verða byggðar 500 nýjar íbúðir í Skeifunni á næstunni og ráðgert að fyrstu verði tilbúna árið 2020. Ekki er um að ræða íbúðir fyrir barnafólk heldur fyrst og fremst einstaklinga, barnalaust fólk og eldra fólk. Nemendaspáin gerir því ekki ráð fyrir grunnskólanemendum úr þeim íbúðum.

Þá er gert ráð fyrir samtals 1300 íbúðum í Vogabyggð og á 1. áfangi sem telur 670 íbúðir, að byggjast á árunum 2019-2025. Byggja á skóla fyrir hverfið við Naustavog en ekki er komin tímasetning á hvenær sá skóli verður byggður. Í Vogabyggð er m.a. gert ráð fyrir íbúðum fyrir barnafólk og gætu fyrstu nemendur búsettir í hverfinu þurft að eiga vísa skólavist í Vogaskóla og/eða Hamraskóla.

Ef við deilum þessum 670 íbúðum á 7 ár (2019-2025) þá verður að meðaltali 96 íbúðum lokið á ári. Miðað við fjölda nem. á íbúð í dag í skólahverfi Vogaskóla eru að meðaltali 0,22 börn pr. íbúð. Haldist sama hlutfall í Vogabyggð verða rétt rúmlega 20 nemendur á ári sem þyrftu fyrst að fara í Vogaskóla eða Hamraskóla. Miðað við reynslu af fjölda barna á grunnskólaaldri í nýbyggingum þá væri nær lagi að helminga fjöldann og gera ráð fyrir 11 grunnskólanemendum á ári úr þessu hverfi. Ef allir nemendurnir færu í Vogaskóla bætast við að meðaltali 11 nýir nemendur á ári tímabilið 2019-2021. Af því leiðir að haustið 2021, þegar einnig er tekið tillit til breytinga á skólahverfamörkum eins og tillagan gerir ráð fyrir, væru nemendur í Vogaskóla orðnir 414 eins og sjá má í töflu 2.

Tafla 2. Vogaskóli breyting + nýbyggingar í Vogahverfi					
Ár	2017	2018	2019	2020	2021
<i>Fjöldi</i>	<i>314</i>	<i>319</i>	<i>355</i>	<i>385</i>	<i>414</i>

Miðað við 414 nemendur í Vogaskóla haustið 2021 og stærð skólabyggingarinnar yrði húsnæði pr. hvern nemanda komið undir 11m² markið eða 10,4 m².

III Skólahverfamörk Grandaskóla og Melaskóla

Eins og fram kemur hér að framan var á 110. fundi skóla- og frístundaráðs þann 14. des. 2016 fjallað um endurskoðun reglna um skólahverfi, m.a. um skólahverfamörk á milli Melaskóla og Grandaskóla. Á fundinum var samþykkt að leita umsagnar hverfisráðs Vesturbæjar og stjórna foreldrafélaga og skólaráða Melaskóla og Grandaskóla á tillögum og hugmyndum starfshóps um endurskoðun reglna um skólahverfi og innritun í grunnskóla Reykjavíkurborgar. Jafnframt var óskað eftir því við hverfisráðið að það boðaði til fundar þar sem fjölskyldum væntanlegra grunnskólabarna í skólahverfunum yrðu kynntar tillögur og hugmyndir starfshópsins um málið.

Í umsögn skólaráðs Grandaskóla, dags. 10. jan 2017, er tekið undir tillögu starfshóps þar sem lagt er til að Meistaravellir verði hluti af skólahverfi Grandaskóla frá hausti 2017. Ekki er fjallað um hugmyndina um að færa skólamörkin að Hofsvallagötu en lagt er til að skoðað verði hvort Sörlaskjól og Faxaskjól verði hluti af skólahverfi Grandaskóla.

Í umsögn stjórnar foreldrafélags Grandaskóla, dags. 14. jan. 2017, kemur fram að stjórnin telji til góða fyrir skólann að færa skólahverfamörk þannig að Meistaravellirnir tilheyri Grandaskóla. Stjórnin telur að skólinn geti tekið við fleiri nemendum þó ný byggð í hverfinu sé óvissuþáttur og að færsla á skólahverfamörkum að eða nær Hofsvallagötu væri mun betri kostur en að keyra nemendur úr Skerjafirði í Grandaskóla.

Í umsögn skólaráðs Melaskóla, dags. 12. jan. 2017, kemur fram að skólaráðið leggist ekki gegn tillögunni að færa skólahverfamörkin þannig að öll gatan Meistaravellir tilheyri Grandaskóla. Skólaráðið telur breytinguna lítil áhrif hafa á núverandi nemendafjölda í skólanum. Skólaráðið tekur ekki afstöðu til hugmyndarinnar um að færa mörkin að Hofsvallagötu. Skólaráðið leggur áherslu á að húsnæðisvandi skólans sé aðkallandi og brýnt að leysa úr honum sem fyrst.

Í umsögn foreldrafélags Melaskóla, dags 14. janúar 2017, kemur fram að foreldrafélagið gerir ekki athugasemdir við tillögu starfshóps um að Meistaravellir tilheyri Grandaskóla fyrir nýja nemendur haustið 2017. Fram kemur að byggð við Meistaravelli standi Grandaskóla nær en Melaskóla hvað varðar fjarlægð og aðgengið að skólanum. Bent er á að breytingar á skólahverfismörkum þurfi að eiga sér nokkurn aðdraganda því það atriði getur haft þýðingu þegar fjölskyldur velja sér búsetu. Eðlilegt væri því að breyting af þessu tagi væri gerð með ríflegum aðdraganda, t.d. 3-5 árum. Fram kemur að óheppilegt sé að umrædd breyting verði ákveðin núna og taki gildi við innritun næsta haust. Fram kemur sú afstaða stjórnar að breytingar á skólahverfismörkum komi almennt séð varla til álita nema með löngu millibili eftir atvikum á grundvelli langtímaþróunar á byggð innan viðkomandi hverfa. Í umsögninni er jafnframt lögð mikil áhersla á að tekið verði á miklum húsnæðisvanda Melaskóla sem allra fyrst.

Fimmtudaginn 19. jan. 2017 var haldinn íbúafundur í Grandaskóla um skólahverfamörk Melaskóla og Grandaskóla. Þar kynnti sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs forsendur endurskoðunar skólahverfamarkanna og þær hugmyndir og tillögu sem voru til skoðunar. Í framhaldi voru umræður og fyrirspurnir.

Á fundi skóla- og frístundaráðs 25. janúar 2017 var lögð fram ný tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúa Pírata varðandi skólahverfamörk á milli Grandaskóla og Melaskóla sem er nánari útfærsla á einni hugmynd starfshópsins um endurskoðun reglna um skólahverfi og innritun í grunnskóla Reykjavíkurborgar. Í tillögunni er lagt til að skólahverfismörkin yrðu „...færð að Hofsvallagötu frá og með upphafi skólaársins 2017 - 2018. Samþykkt er að foreldrar sem eiga lögheimili í götum sem færast á milli skólahverfa við breytinguna hafi val um í hvorn skólann börn þeirra fari og forgang í báða skólana út skólaárið 2019 - 2020. Breytingin hafi ekki áhrif á þá nemendur sem nú sækja Melaskóla og Grandaskóla.“

Á fundi ráðsins var samþykkt að fela sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs að leita umsagnar um tillöguna hjá skólaráðum og stjórnnum foreldrafélaga Grandaskóla og Melaskóla og hverfisráði Vesturbæjar. Umsagnir hafa borist frá skólaráði Grandaskóla, dags. 2. febrúar 2017 og skólaráði Melaskóla, dags. 3. febrúar 2017 og stjórnnum foreldrafélaga Grandaskóla, dags. 2. febrúar 2017 og Melaskóla, dags. 6. febrúar 2017.

Tillagan var jafnframt send til foreldra leikskólabarna í skólahverfum Grandaskóla og Melaskóla og þeim gefinn kostur á að gefa álit sitt á henni. Engar álitsgjafir bárust.

Umsagnaraðilar benda á ýmsa þætti sem þeir telja að þurfi að skoða betur við þá breytingu að færa skólahverfamörkin að Hofsvallagötu, svo sem nemendaspá, óvissu vegna nýrra hverfa, atriði er varða frístundapjónustu skólanna og ýmsa þætti varðandi húsnæði beggja skóla.

Í ljósi ofangreindra umsagna er metið að ekki sé að svo stöddu rétt að breyta skólahverfamörkunum á þann hátt að færa þau að Hofsvallagötu. Sú tillaga verði rýnd nánar samhliða öðrum hugmyndum sem fram hafa komið um breytingar, s.s. að færa Faxaskjól og Sörlaskjól undir skólahverfi Grandaskóla. Hins vegar er hér lagt til að gerð verði sú breyting á skólahverfamörkunum að Meistaravellir tilheyri Grandaskóla frá og með upphafi skólaársins 2017 - 2018. Samkvæmt fyrri umsögnum sem gerð er grein fyrir framar í greinargerðinni ríkir sátt um þá breytingu.

Nemendaspá miðað við breytingar við Meistaravelli:

	2017	2018	2019	2020	2021
Grandaskóli	319	312	317	303	304
Grandaskóli breyting	324	323	334	323	329
Melaskóli	675	665	665	660	628
Melaskóli breyting	670	654	648	640	603

Eins og fram kemur í umsögnum skólaráðs Melaskóla og stjórnar foreldrafélags skólans er brýnt að fundin sé úrlausn í húsnæðisvanda skólans. Unnið verður að því jafnhliða breytingum á skólahverfamörkunum.

Reglur um skólahverfi, umsókn og innritun í grunnskóla Reykjavíkurborgar

Gildissvið

Reglur þessar gilda um umsókn og innritun í grunnskóla Reykjavíkurborgar en öllum börnum, að jafnaði á aldrinum 6–16 ára, er skylt að sækja grunnskóla skv. lögum um grunnskóla nr. 91/2008 með síðari breytingum. Skv. sömu lögum er sveitarfélögum skylt að sjá til þess að skólaskyld börn sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, og börn sem hefur verið ráðstafað í fóstur til fósturforeldra, sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, njóti skólavistar eftir því sem nánar segir í grunnskólalögum. Foreldri er hér notað yfir þá sem fara með forsjá barns skv. barnalögum.

1. gr. Skólahverfi

Í Reykjavík eru 34 grunnskólar reknir af Reykjavíkurborg en borginni er skipt upp í 37 skólahverfi.

Skólahverfin má sjá eftir götum á heimasíðu skóla – og frístundasviðs Reykjavíkur: <http://reykjavik.is/allir-grunnskolar> með því að velja borgarhluta og síðan grunnskóla. Einnig er hægt að sjá skólahverfin myndrænt með því að nota borgarvefsjá Reykjavíkurborgar: <http://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/> með því að velja *opna valglugga* – *Borgarskipting* og haka í *Grunnskólahverfi*.

2. gr. Umsókn í grunnskóla Reykjavíkurborgar

Umsókn um grunnskóla Reykjavíkurborgar fer fram í gegnum Rafræna Reykjavík, þjónustuvef Reykjavíkurborgar. Leiðbeiningar um skráningu í Rafræna Reykjavík er að finna á heimasíðunni www.reykjavik.is.

Hægt er að fá aðstoð við að fylla út rafræna umsókn á öllum þjónustumiðstöðvum borgarinnar og í Þjónustuveri Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, sími: 411 1111.

3. gr. Val um grunnskóla og meðferð umsókna

3.1 Foreldrar eiga kost á að sækja um skóla fyrir börn sín hvar sem er í borginni skv. reglum þessum.

3.2 Nemendur með lögheimili í tilteknu skólahverfi eiga afdráttarlausan rétt á skólavist í hverfissskóla og því forgang, ef skóli þarf að takmarka nemendafjölda.

3.3 Skóli tekur inn nemendur utan skólahverfis nema húsnæði hamli eða aðrar lögmætar ástæður.

3.4 Við meðferð umsókna skal farið að ákvæðum laga um grunnskóla nr. 91/2008 og stjórnisýslulögum nr. 37/1993.

3.5 Hafni grunnskóli inntöku nemenda þar sem húsnæði hamlar skal skólastjóri tilkynna foreldrum það skriflega þar sem fram komi ástæða synjunar. Foreldrar skulu vera upplýstir um kærurétt skv. 47. gr. grunnskólalaga.

3.6 Hafni grunnskóli inntöku nemenda af öðrum lögmætum ástæðum en að húsnæði hamli inntöku, skal skólastjóri gefa foreldrum kost á að tjá sig um fyrirhugaða synjun. Andmæli foreldra skulu berast skólanum skriflega innan tveggja vikna.

Sé ákvörðun tekin um synjun umsókna, að loknu mati á athugasemdum frá foreldrum, skal skólastjóri tilkynna það í bréfi til foreldra. Ákvörðun skal vera rökstudd og foreldrar upplýstir um kærurétt skv. 47. gr. grunnskólalaga. Afgreiðsla umsókna skal vera lokið innan mánaðar

frá því að umsókn berst til skólans. Ef fyrirsjáanlegt er að afgreiðsla umsóknar muni tefjast upplýsir skólastjóri foreldra um ástæður tafanna og hvenær afgreiðsla er að vænta.

3.7 Nemendur sem sækja skóla í öðru skólahverfi en lögheimili þeirra er, eiga sama rétt til skólavistar og þjónustu og nemendur úr skólahverfi skólans.

4. gr. Umsókn og innritun nemenda í 1. bekk grunnskóla

Tilkynning um hvenær hægt er að skrá nemendur í 1. bekk grunnskóla er send foreldrum í byrjun árs. Skráning fer fram í Rafræna Reykjavík og ef sótt er um hverfisskóla nemanda berst staðfesting um skráningu í skólann strax. Ef sótt er um annan skóla en hverfisskóla er umsókn afgreidd þegar fyrir liggur fjöldi nemenda sem hefur lögheimili í viðkomandi skólahverfi og hefur valið skólann. Um meðferð umsókna fer skv. 3. gr. þessara reglna.

5. gr. Flutningur milli skóla Reykjavíkurborgar

Foreldrar sækja um flutning á milli skóla í Rafrænni Reykjavík. Skóli sem sótt er um samþykkir eða synjar umsókn til samræmis við 3. gr. þessara reglna.

6. gr. Skólaakstur/strætófargjald

Þeir nemendur með lögheimili í Reykjavík sem eiga rétt á skólaakstri/strætófargjaldi eru:
Nemendur í 1.-5. bekk sem búa meira en 1,5 km göngufjarlægð frá hverfisskóla sínum.
Nemendur í 6.-10. bekk sem búa meira en 2 km göngufjarlægð frá hverfisskóla sínum.

7. gr. Nemendur með lögheimili í öðrum sveitarfélögum

Óski foreldrar nemanda með lögheimili utan Reykjavíkur eftir að nemandinn sæki grunnskóla í Reykjavík er farið með beiðnina í samræmi við viðmiðunarreglur Sambands íslenskra sveitarfélaga þar um.

8. gr. Upplýsingagjöf skóla- og frístundasviðs

Í kynningarefni og á heimasíðu skóla- og frístundasviðs skal koma skýrt fram að foreldrar nemenda hafi val um grunnskóla með þeim fyrirvörum sem um getur í 3. gr. og vakin athygli á því að unnt sé að velja sjálfstætt rekna grunnskóla.

Reglur þessar taka gildi [frá samþykkt borgarráðs] Frá sama tíma falla úr gildi reglur um skólahverfi og innritun í grunnskóla Reykjavíkur sem samþykktar voru í menntaráði þann 3. mars 2005.

Skipting í skólahverfi eftir borgarhlutum frá og með skólaárinu 2017-2018.

Borgarhluti 1 - Vesturbær:

Grandaskóli 1. - 7. bekkur, 8 - 10. bekkur Hagaskóli:

Aflagrandi
Álagrandi
Bárugrandi
Boðagrandi
Fjörugrandi
Flyðrugrandi
Framnesvegur 60 – 68 og 55-65
Frostaskjól
Granaskjól
Grandavegur
Hringbraut frá 95 (oddatölur)
Kaplaskjólsvetur frá 27
Keilugrandi
Lágholtsvegur
Meistaravellir
Nesvegur 41 - 82
Rekagrandi
Seilugrandi
Skeljagrandi
Sörlaskjól frá 44
Öldugrandi

Melaskóli 1. - 7. bekkur, 8 - 10. bekkur Hagaskóli:

Aragata
Arnargata
Bauganes
Baugatangi
Birkimelur
Dunhagi
Eggertsgata
Einarsnes
Einimelur
Faxaskjól
Fáfnisnes
Fálkagata
Fornhagi
Fossagata
Gnitanes

Grenimelur
Grímshagi
Góugata
Hagamelur
Hjarðarhagi
Hofsvallagata frá 49
Hringbraut 35 - 93 (oddatölur)
Hörpugata
Kaplaskjólsvegur 1 – 25
Kvisthagi
Lynghagi
Melhagi
Neshagi
Oddagata
Reykjavíkurvegur
Reynimelur
Skeljanes
Skeljatangi
Skerplugata
Skildinganes
Skildingatangi
Smyrilsvegur
Starhagi
Suðurgata frá 35 og 36
Sörtaskjól 1 – 43
Tómasarhagi
Víðimelur
Þjórsárgata
Þormódsstaðavegur
Þorragata
Þrastargata
Ægissíða

Vesturbæjarskóli 1. - 7. bekkur, 8 - 10. bekkur Hagaskóli:

Aðalstræti
Austurstræti
Ánanaust
Ásvallagata
Bakkastigur
Bárugata
Bjarkargata
Blómvallagata
Brattagata
Brávallagata
Brekustígur

Brunnstígur
Bræðraborgarstígur
Drafnarstígur
Fichersund
Fiskislóð
Framnesvegur til 58 og 53
Garðastræti
Grjótagata
Grófin
Hafnarstræti
Hávallagata
Hofsvallagata 1 - 23
Hólatorg
Hólavallagata
Holtsgata
Hrannarstígur
Hringbraut 22 – 118 (sléttar tölur)
Kirkjugarðsstígur
Kirkjustræti
Kirkjutorg
Ljósvallagata
Lækjargata
Marargata
Mjóstræti
Mýrgata
Norðurstígur
Nýlendugata
Pósthússtræti
Ránargata
Seljavegur
Skólabrú
Skothúsvegur
Sóivallagata
Stýrimannastígur
Suðurgata 1 – 35
Templarasund
Tjarnargata
Tryggvagata
Túngata
Unnarstígur
Vallarstræti
Veltusund
Vesturgata
Vesturvallagata
Vonarstræti
Ægisgata
Öldugata

Borgarhluti 2 - Miðborg:

Austurbæjarskóli 1. - 10. bekkur:

Amtmannsstígur
Baldursgata
Bankastræti
Barónsstígur
Bergstaðastræti
Bergþórugata
Bjargarstígur
Bjarnarstígur
Bókhöðustígur
Bragagata
Brietartún
Egilsgata
Eiriksgata
Fjólugata
Fjölнисvegur
Frakkastígur
Freyjugata
Fríkirkjuvegur
Grettisgata til 83 og 86
Grundarstígur
Haðarstígur
Hallveigarstígur
Hellusund
Hringbraut frá 2-10
Hverfisgata til 108 og 115
Ingólfsstræti
Kárástígur
Klapparstígur
Laufásvegur
Laugavegur 1-100
Leifsgata
Lindargata
Lokastígur
Miðstræti
Mímisvegur
Njálsgata 1-87
Njarðargata
Nönnugata
Óðinsgata
Rauðarárstígur 1 - 13
Sjafnargata
Skálholtsstígur
Skólastræti
Skólavörðustígur

Skúlagata
Smáragata
Smiðjustígur
Snorrabraut jafnar tölur
Sóleyjargata
Spítalastígur
Sölvhólgata
Týsgata
Traðarkotssund
Urðarstígur
Vatnsstígur
Vegamótastígur
Veghúsastígur
Vitastígur
Þingholtsstræti
Þorfinnsgata
Þórsgata

Borgarhluti 3 - Hlíðar:

Háteigsskóli 1. - 10. bekkur:

Auðarstræti
Ásholt
Bolholt
Bollagata
Bólstaðarhlíð
Brautarholt
Einholt
Flókagata
Grettisgata frá 85 og 88
Guðrúnargata
Gunnarsbraut
Háteigsvegur
Hjálmholt
Hrefnugata
Hverfisgata frá 117
Karlagaata
Kjartansgata
Langahlíð
Laugavegur frá 102
Mánagata
Meðalholt
Mjölnisholt
Njálsgata frá 88
Nóatún frá 22
Rauðarárstígur frá 14
Skafthlíð

Skarphéðinsgata
Skeggjagata
Skiopholt
Snorrabraut frá 27-87
Stakkholt
Stangarholt
Stórholt
Stúfholt
Úthlið
Vatnsholt
Vífilsgrata
Þverholt

Hlíðaskóli 1. - 10. bekkur:

Barmahlíð
Beykihlíð
Birkihlíð
Blönduhlíð
Bogahlíð
Drápuhlíð
Engihlíð
Eskihlíð
Grænahlíð
Háahlíð
Hamrahlíð
Hörgshlíð
Lerkihlíð
Mávahlíð
Miklabraut
Mjóahlíð
Reykjahlíð
Reynihlíð
Skógarhlíð
Stigahlíð
Suðurhlíð
Vatnsmýrarvegur
Vesturhlíð
Víðihlíð

Borgarhluti 4 - Laugar:

Langholtsskóli 1. - 10. bekkur:

Austurbrún
Álfheimar sléttar tölu og 1-29
Ásvegur
Dragavegur

Drekavogur
Dyngjuvegur
Efstasund
Engjavegur
Goðheimar
Hjallavegur
Holtavegur
Hólmasund
Hólsvegur
Kambsvegur
Kleppsmýrarvegur
Kleppsvegur frá 62
Langholtsvegur til 130
Laugarásvegur frá 32 og 39
Múlavegur
Njörvasund
Norðurbrún
Skipasund
Sólheimar til 24
Sunnuvegur
Sæviðarsund
Vatnagarðar
Sunnuvegur
Sæviðarsund
Vatnagarðar

Laugarnesskóli 1. – 6. bekkur, 7. – 10. bekkur Laugalækjarskóli:

Borgartún
Brekulækur
Brúnavegur
Bugólækur
Dalbraut
Engjateigur
Gullteigur
Hátún
Héðinsgata
Hofteigur
Hraunteigur
Hrisateigur
Höfðatún
Jökulgrunn
Kirkjusandur
Kirkjuteigur
Kleifarvegur
Kleppsvegur 1-60
Laugalækur
Laugarásvegur til 30 og 37

Laugarnestangi
Laugarnesvegur
Laugateigur
Mánatún
Miðtún
Nóatún 1 - 20
Otrateigur
Rauðalækur
Reykjavegur
Samtún
Selvogsgrunn
Sigtún
Silfurteigur
Sóltún
Sporðagrunn
Sundlaugavegur
Vesturbrún
Viðey

Vogaskóli 1. - 10. bekkur:

Álfheimar 31-35

Barðavogur

Dugguvogur

Eikjuvogur

Faxafen

Ferjuvogur

Glaðheimar

Gnoðarvogur

Hlunnavogur

Karfavogur

Langholtsvegur frá 131

Ljósheimar

Mörkin

Nökkvavogur

Siglúvogur

Skeiðarvogur

Skeifan

Snekkjuvogur

Sólheimar frá 25

Suðurlandsbraut

Súðavogur

Borgarhluti 5 - Háaleiti:

Háaleitisskóli - Álftamýri 1. - 10. bekkur:

Álftamýri
Ármúli
Fellsmúli
Grensásvegur
Háaleitisbraut
Lágmúli
Safamýri
Síðumúli
Starmýri

Breiðagerðisskóli 1. – 7. bekkur, 8. – 10. bekkur Réttarholtsskóli:

Akurgerði
Austurgerði
Ásendi
Ásgarður
Bakkagerði
Básendi
Borgargerði
Breiðagerði
Búðargerði
Bústaðavegur
Byggðarendi
Garðsendi
Grundargerði
Hamarsgerði
Háagerði
Hlíðargerði
Hólmgarður
Hæðargarður
Langagerði
Lítlagerði
Melgerði
Mosgerði
Rauðagerði
Réttarholtsvegur
Skógargerði
Sogamýrarblettur
Sogavegur
Steinagerði
Teigagerði
Tunguvegur

Fossvogsskóli 1. – 7. bekkur, 8. – 10. bekkur Réttarholtsskóli:

Aðalland
Akraland

Áland
Álfaland
Álftaland
Ánaland
Árland
Bjarmaland
Bleikargróf
Blesugróf
Brautarland
Breiðholtsvegur
Brúnaland
Búland
Bústaðablettur
Dalaland
Efstaland
Fossvogsblettur
Gautland
Geitland
Giljaland
Goðaland
Grundarland
Haðaland
Helluland
Hjallaland
Hulduland
Hörðaland
Jöldugróf
Kelduland
Kjarland
Kjarrvegur
Klifvegur
Kúrland
Kvistaland
Láland
Ljósaland
Logaland
Markarvegur
Markland
Seljaland
Skógarvegur
Sléttuvegur
Snæland
Stjörnugróf
Sævarland
Traðarland
Undraland
Vogaland

Háaleitisskóli - Hvassaleiti 1. - 7. bekkur, 8. - 10. bekkur Háaleitisskóli - Álftamýri

Álmgerði

Brekkugerði

Efstaleiti

Espigerði

Furugerði

Grensásvegur frá 22

Heiðargerði

Hlyngerði

Hvammsgerði

Hvassaleiti

Kringlan

Miðleiti

Neðstaleiti

Ofanleiti

Seljugerði

Skálagerði

Stóragerði

Viðjugerði

Borgarhluti 6 - Breiðholt:

Breiðholtsskóli 1. - 10. bekkur:

Blöndubakki

Brúnastekkur

Dvergabakki

Eyjabakki

Ferjubakki

Fornistekkur

Fremristekkur

Geitastekkur

Gilsárstekkur

Grytubakki

Hjaltabakki

Hólastekkur

Írabakki

Jörfabakki

Kóngsbakki

Lambastekkur

Leirubakki

Maríubakki

Núpabakki

Ósabakki

Prestbakki

Réttarbakki
Skriðustekkur
Staðarbakki
Tungubakki
Urðarbakki
Urðarstekkur
Vatnsveituvegur
Vikurbakki
Þangbakki

Fellaskóli 1. - 10. bekkur:

Asparfell
Austurberg 1-20
Fannarfell
Gyðufell
Iðufell
Jórufell
Keilufell
Köttufell
Möðrufell
Norðurfell
Nönnufell
Rjúpufell
Torfufell
Unufell
Vesturberg til 78 og 99
Völvufell
Yrsufell
Þórufell
Æsufell

Hólabrekkuskóli 1. - 10. bekkur:

Arahólar
Álftahólar
Austurberg frá 22
Blikahólar
Depluhólar
Dúfnahólar
Erluhólar
Fýlshólar
Gaukshólar
Hamraberg
Haukshólar
Háberg

Heiðnaberg
Hólaberg
Hrafnhólar
Hraunberg
Klapparberg
Kríuhólar
Krummahólar
Lágaberg
Lundahólar
Máshólar
Neðstabergr
Orrahólar
Rituhólar
Smyrilshólar
Spóahólar
Starrahólar
Stelkshólar
Suðurhólar
Súluhólar
Trönuhólar
Ugluhólar
Valshólar
Vesturberg frá 80 og 101
Vesturhólar
Þrastahólar

Seljaskóli 1. - 10. bekkur:

Fífusel
Fjarðarsel
Fljótasel
Flúðasel
Hálsasel frá 33 og 44
Hjallasel
Hnjúkasel
Holtasel
Hryggjarsel
Hæðarsel
Jakasel
Jórusel
Jöklasel
Kaldasel
Kambasel
Kleifarsel
Klyfjasel
Kögursel
Lambasel

Látrasel
Lindarsel
Lækjarsel
Melsel
Mýrarsel
Seljabraut frá 54

Ölduselsskóli 1. - 10. bekkur:

Akrasel
Árskógar
Bakkasel
Bláskógar
Brekkuasel
Dalsel
Dynskógar
Engjasel
Giljasel
Gljúfrasel
Grjótasel
Grófarsel
Hagasel
Hálsasel til 31 og 42
Heiðarsel
Hjallasel til 29
Hléskógar
Hólmasel
Ljárskógar
Rangársel
Raufarsel
Réttarsel
Seljabraut til 52
Síðusel
Skagasel
Skógarsel
Skriðusel
Staðarsel
Stafnasil
Stallasel
Stapasel
Steinasel
Stekkjarsel
Stíflusel
Strandasel
Strýtusel
Stuðlasel
Teigasel
Tindasel

Tjarnasel
Tungusel
Vaðlasei
Vaglasei
Vatnasei
Vogasei
Ystasei
Þingasei
Þjóttusei
Þrándarsei
Þúfusei
Þverarsei

Borgarhluti 7 - Árbær:
Árbæjarskóli 1. - 10. bekkur:

Árbæjarblettur
Brautarás
Brekubær
Brúarás
Deildarás
Dísarás
Eyktarás
Fagribær
Fjarðarás
Glæsibær
Grundarás
Hábær
Heiðarás
Heiðarbær
Hlaðbær
Hraunbær
Melbær
Rofabær
Suðurlandsvegur v/Rauðavatn
Vesturlandsbraut
Vorsabær
Ystibær
Þykkvibær

Ártúnsskóli 1. – 7. bekkur

Álakvísl
Árkvörn
Birtingakvísl
Bleikjukvísl
Bröndukvísl
Fiskakvísl
Laxakvísl
Rafstöðvarvegur
Reyðarkvísl
Seiðakvísl
Silungakvísl
Sílakvísl
Stangarhylur
Urriðakvísl

Selásskóli 1. – 7. bekkur

Klapparás
Kleifarás
Lækjarás
Malarás
Mýrarás
Norðurás
Næfurás
Rauðás
Reykás
Selásblettur
Selásbraut
Skógarás
Suðurás
Vallarás
Vesturás
Viðarás
Vindás
Víkurás
Þingás
Þverás

Norðlingaholt:

Norðlingaskóli 1. - 10. bekkur:

Bjallavað
Búðavað
Elliðavað
Ferjuvað
Helluvað
Hestavað
Hólavað

Hólmvað
Kambavað
Kólguvað
Krókavað
Lindarvað
Lækjarvað
Mónað
Rauðavað
Reiðvað
Sandavað
Selvað
Þingvað

Grafarholt:

Ingunnarskóli 1. - 10. bekkur:

Grænlandsleið

Jónsgeisli

Kirkjustétt

Kristnibraut

Laxalón

Mariubaugur

Ólafsgesli

Prestastígur

Úlfarsfell

Vesturlandsbraut Engi

Vesturlandsbraut Grafarholt

Vesturlandsbraut Tjarnarengi

Þorláksgesli, jafnar tölur

Sæmundarskóli 1.-10. bekkur

Andrésbrunnur

Biskupsgata

Gissurargata

Guðríðarstígur

Gvendargeisli

Haukdælabraut

Kapellustígur

Katrínarlind

Klausturstígur

Marteinslaug

Vínlandsleið

Þjóðhildarstígur

Þorláksgesli, oddatölur

Þórðarsveigur

Þúsöld

Úlfarsárdalur:**Dalskóli 1. - 10. bekkur:**

Freyjubrunnur
Friggjarbrunnur
Gefjunarbrunnur
Íðunnarbrunnur
Lambhagavegur
Lofnarbrunnur
Sifjarbrunnur
Sjafnarbrunnur
Skyggisbraut
Urðarbrunnur
Úlfarsbraut
Úlfarsfell Birkihlíð
Úlfarsfell Suðurhlíð
Úlfarsfell Akurhótt
Úlfarsfell Hamar
Úlfarsfell Bassastaðir
Vestlandsbr. Úlfarsfell
Vesturlandsbraut Lundur
Vesturlandsbraut Stekkur
Vesturlandsbraut Mæri
Vesturlandsbraut Fífilbrekka
Vesturlandsbraut Lambhagi
Vesturlandsbraut Víðimýri

Borgarhluti 8 - Grafarvogur:**Vættaskóli - Borgir 1. - 7. bekkur, Vættaskóli - Engi 8. - 10. bekkur**

Álfaborgir
Disaborgir
Dofraborgir
Dvergaborgir
Goðaborgir
Hulduborgir
Jötnaborgir
Tröllaborgir
Vættaborgir
Æsuborgir

Vættaskóli - Engi 1. - 10. bekkur:

Fróðengi

Gullengi
Laufengi
Reyrengr
Starengi
Vallengi

Foldaskóli 1. - 10. bekkur:

Austurfold
Fannafold
Frostafold
Funafold
Gufunesvegur
Hverafold
Jöklafold
Logafold
Reykjafold
Vesturfold

Hamraskóli 1. - 7. bekkur:

Básbryggja
Bláhamrar
Dverghamrar
Dyrhamrar
Geithamrar
Gerðhamrar
Hesthamrar
Hlaðhamrar
Krosshamrar
Leiðhamrar
Naustabryggja
Neshamrar
Rauðhamrar
Salthamrar
Sporhamrar
Stakkhamrar
Svarthamrar
Vegghamrar

Húsaskóli 1. - 7. bekkur:

Baughús
Dalhús
Gagnvegur
Garðhús

Grundarhús
Hlíðarhús
Miðhús
Suðurhús
Sveighús
Vallarhús
Veghús
Vesturhús

Kelduskóli - Korpa 1. - 7. bekkur, Kelduskóli - Vík 8. - 10. bekkur

Bakkastaðir
Barðastaðir
Brúnastaðir
Garðsstaðir

Rimaskóli 1. - 10. bekkur:

Berjarími
Fífurími
Flétturími
Grasarími
Hrísrími
Hvannarími
Klukkurími
Laufrími
Lyngrími
Mosarími
Mururími
Rósarími
Smárarími
Sóleyjarrími
Stararími
Viðarrími

Kelduskóli - Vík 1. - 10. bekkur:

Breiðavík
Gautavík
Hamravík
Ljósavík

Borgarhluti 9 - Kjalarnes:

Klébergsskóli 1. - 10. bekkur:

Arnarholt
Arnarhóll
Álfsnes
Bakki
Blásteinar
Brautarholt
Búagrund
Dalsmynni
Dýjahlið
Enni
Esjuberg
Esjugrund
Fitjakot
Fitjar
Furugrund
Garður
Gil
Gimli
Grundarhóll
Háagerði
Helgugrund
Hjassi
Hlíð
Hofsbraut
Horn
Hvammur
Jörfi
Jörfagrund
Kirkjuland
Laufás
Leirar
Ljárdalur
Lykkja
Lyngás
Melagerði
Melavellir
Melar
Móaberg
Mógilsá
Móar
Naustanes
Norðurkot
Pétursborg
Reynihvammur
Saltvík
Saurbær

Sigtún
Sjávarhólar
Skógarás
Skrauthólar
Skriða
Stardalur
Stekkur
Sætún
Tindar
Útkot
Vallá
Varmadalur
Viðarás
Vindheimar
Viðines
Víkurgund
Vonarholt
Vellir
Ytri-Tindstaðir
Þverárkot

* Samþykkt er að foreldrar sem eiga lögheimili í þessum götum hafi val um

Hagaskóli 8-10. bekkur

Aðalstræti
Aflagrandi
Aragata
Arnargata
Austurstræti
Álagrandi
Ánanaust
Ásvallagata
Bakkastígur
Bauganes
Baugatangi
Bárugata
Bárugrandi
Birkimelur
Bjarkargata
Blómvallagata
Boðagrandi
Brattagata
Brávallagata
Brekustígur
Brunnstígur
Bræðraborgarstígur
Drafnarstígur

Dunhagi
Eggertsgata
Einarsnes
Einimelur
Faxaskjól
Fáfnisnes
Fálkagata
Fichersund
Fiskislóð
Fjörugrandi
Flyðrugrandi
Fornhagi
Fossagata
Framnesvegur
Frostaskjól
Garðastræti

Gnitanes
Góugata
Granaskjól
Grandavegur
Grenimelur
Grímshagi
Grjótagata
Grófin
Hafnarstræti
Hagamelur
Hávallagata
Hjarðarhagi
Hofsvallagata
Holtsgata
Hólatorg
Hólavallagata
Hrannarstígur
Hringbraut 22 – 121
Hörpugata
Kaplaskjólsvegur
Keilugrandi
Kirkjugarðsstígur
Kirkjustræti
Kirkjutorg
Kvisthagi
Lágholtsvegur
Ljósvallagata
Lynghagi
Lækjargata
Marargata
Meistaravellir
Melhagi
Mjóstræti
Mýrargata
Neshagi

Nesvegur 41 - 82
Norðurstígur
Nýlendugata
Oddagata
Pósthússtræti
Ránargata
Rekagrandi
Reykjavíkurvegur
Reynimelur
Seilugrandi
Seljavegur
Skeljagrandi

Skeljanes
Skeljatangi
Skerplugata
Skildinganes
Skildingatangi
Skothúsvegur
Skólabrú
Smyrilsvegur
Sóivallagata
Starhagi
Stýrimannastígur
Suðurgata
Sörlaskjól
Templarasund
Tjarnargata
Tómasarhagi
Tryggvagata
Túngata
Unnarstígur
Vallarstræti
Veltusund
Vesturgata
Vesturvallagata
Viðimelur
Vonarstræti
Þjórsárgata
Þormódsstaðavegur
Þorragata
Þrastargata
Ægisdaga
Ægissíða
Öldugata
Öldugrandi

Réttarholtsskóli 8-10. bekkur

Aðalland
Akraland
Akurgerði
Austurgerði
Áland
Álfaland
Álftaland
Ánaland
Árland
Ásendi
Ásgarður
Bakkagerði
Básendi
Bjarmaland
Bleikargróf
Blesugróf
Borgargerði
Brautarland
Breiðagerði
Breiðholtsvegur
Brúnaland
Búðargerði
Búland
Bústaðablettur
Bústaðavegur
Byggðarendi
Dalaland
Efstaland
Fossvogsblettur
Garðsendi
Gautland
Geitland
Giljaland
Goðaland
Grundargerði
Grundarland
Haðaland
Hamarsgerði
Háagerði
Helluland
Hjallaland
Hlíðargerði
Hólmgarður
Hulduland
Hæðargarður
Hörðaland
Jöldugróf
Kelduland

Kjalarland
Kjarrvegur
Klifvegur
Kúrland
Kvistaland
Langagerði
Láland
Litlagerði
Ljósaland
Logaland
Markarvegur
Markland
Melgerði
Mosgerði
Rauðagerði
Réttarholtsvegur
Seljaland
Skógargerði
Skógarvegur
Sléttuvegur
Snæland
Sogamýrarblettur
Sogavegur
Steinagerði
Stjörnugróf
Sævarland
Teigagerði
Traðarland
Tunguvegur
Undraland
Vogaland

Árbæjarskóli aukalega í 8. - 10. bekkur

Álakvísl

Árkvörn

Birtingakvísl

Bleikjukvísl

Bröndukvísl

Fiskakvísl

Klapparás

Kleifarás

Laxakvísl

Lækjarás

Malarás

Mýrarás

Norðurás

Næfurás

Rafstöðvarvegur

Rauðás

Reyðarkvísl

Reykás

Seiðakvísl

Selásblettur

Selásbraut

Silungakvísl

Sílakvísl

Skógarás

Smálandabraut

Stangarhylur

Suðurás

Urriðakvísl

Vallarás

Vesturás

Viðarás

Vindás

Víkurás

Þingás

Þverás



Reykjavíkurborg
Menntasvið

Reykjavíkurborg er skipt upp í 36 skólahverfi eins og sjá má á heimasíðu Menntasviðs
Reykjavíkur: <http://www.menntasvid.is>

REGLUR UM SKÓLAHVERFI OG INNRIÐUN Í GRUNNSKÓLA REYKJAVÍKUR

1. Allir foreldrar eiga kost á að sækja um skóla fyrir börn sín hvar sem er í borginni skv. innritunarreglum.
2. Nemendur með lögheimili í tilteknu skólahverfi eiga afdráttarlausan rétt á skólavist í hverfissskóla og því forgang, ef skóli þarf að takmarka nemendafjölda.
3. Skóli tekur inn nemendur utan skólahverfis nema húsnaði hamli. Hafni skóli inntöku nemenda á þessum forsendum skal skólastjóri tilkynna foreldrum það skriflega. Komi til aðrar ástæður sem skóli telur að hamli inntöku nemenda, gerir skólastjóri skriflega grein fyrir því og kynnir foreldrum. Foreldrar geta þá vísað málinu til yfirstjórnar Menntasviðs enda sé þeim kynntur sá réttur.
4. Nemendur sem sækja skóla í öðru skólahverfi en lögheimili þeirra er, eiga sama rétt til skólavistar og þjónustu og nemendur úr skólahverfi skólans.
5. Nemendur sem eiga rétt á skólaakstri/strætómiðum eru:

Nemendur í 1.-5. bekk sem búa meira en 1,5 km frá hverfissskóla sínum.
Nemendur í 6.-10. bekk sem búa meira en 2 km frá hverfissskóla sínum.
6. Fjármagn fylgir nemanda í samræmi við reikniformúlu þess skóla sem nemandi innritast í eða úthlutunarreglur vegna fatlaðra nemenda.
7. Uni foreldrar ekki ákvörðun skóla hvað varðar þessar reglur geta þeir vísað málinu til yfirstjórnar Menntasviðs.
8. Í kynningarefni og á heimasíðu Menntasviðs komi skýrt fram að foreldrar skólabarna hafi val um grunnskóla með þeim fyrirvörum sem um getur í 2. grein og vakin athygli á því að unnt sé að velja einkarekna skóla.

3. fundur/fskj. 3.1

Innritun 6 ára nemenda

1. Bréf er sent til foreldra um miðjan janúar.
2. Skráning fer fram í Rafrænni Reykjavík seinnihluta febrúarmánaðar.
3. Ef sótt er um hverfissskóla á þessum tíma berst staðfesting strax.
4. Ef sótt er um annan skóla en hverfissskóla er umsókn afgreidd fyrir 1. apríl (þ.e. 1. val).
5. Annað val afgreitt fyrir 15. apríl.

Flutningur á milli skóla

1. Foreldrar sækja um flutning á milli skóla í Rafrænni Reykjavík.
2. Flutningur nemenda í skóla utan heimahverfis skal miðast við byrjun annar að hausti eða vori. Skráning fari fram fyrir 15. maí fyrir haustönn og 15. nóvember fyrir vorönn.
3. Viðtökuskóli samþykkir eða hafnar umsókn sbr. innritunarreglur.
4. Skóli sem barn er í gengur frá gögnum og skráir nemanda úr skólanum.



Reykjavíkurborg
Menntasvið

REGLUR

um afhendingu farmiða til nemenda í grunnskólum borgarinnar með strætisvögnum Reykjavíkur og akstur nemenda með hóp bifreiðum

1. gr.

Nemendur sem sækja skóla í sínu skólahverfi eiga þess kost að fá ókeypis farmiða sé vegalengdin frá heimili að skóla meiri en 1,5 km fyrir nemendur í 1.-5. bekk og 2 km fyrir nemendur í 6.-10. bekk. Miðað er við skemmstu gönguleið. Nemendur sem að tilstuðlan Menntasviðs sækja skóla utan hverfis eiga þess einnig kost að fá ókeypis farmiða og skulu viðmiðunarmörk um vegalengd vera hin sömu.

2. gr.

Nemendur sem að eigin ósk sækja skóla utan síns hverfis eiga ekki rétt á ókeypis farmiðum. Þó er heimilt að afhenda þeim nemendum, sem flust hafa milli skólahverfa, en óska eftir að sækja sinn fyrri skóla út yfirstandandi skólaár, ókeypis farmiða að hálfu.

3. gr.

Þurfi nemendur að sækja lögboðna kennslu utan skólahverfis skal afhenda þeim ókeypis farmiða ef vegalengdin er meiri en 1,5 km fyrir nemendur í 1.-5. bekk og 2 km fyrir nemendur í 6.-10. bekk. Ef ekki er mögulegt að nota almenningssamgöngur við þessar aðstæður skal koma á reglubundnum skólaakstri.

4. gr.

Heimilt er að koma á reglubundnum skólaakstri til lögboðinnar kennslu utan skólahverfis verði því ekki við komið að nota almenningsvagna, m.a. vegna stundaskrárgerðar. Einnig skal nemendum ekið með hóp bifreiðum þurfi þeir á leið sinni til að sækja lögboðna kennslu utan skólahverfis, að fara yfir fjögurra akreina götur þar sem umferðarþungi er mikill og engar sérstakar ráðstafanir eru gerðar til þess að hindra umferðarhraða og/eða aðstoða gangandi vegfarendur.

5. gr.

Skólastjóri hvers skóla ber ábyrgð á afhendingu farmiða. Hann skal sjá til þess að nafnalisti um afhendinguna berist til Menntasviðs með hverjum reikningi frá Strætó bs.

6. gr.

Skólastjórar skulu senda tillögur sínar um reglubundinn skólaakstur til Menntasviðs fyrir 15. ágúst vegna komandi skólaárs. Ákvörðun um akstur með hóp bifreiðum skal tekin í samráði viðkomandi skólastjóra og Menntasviðs. Skólastjóri ber ábyrgð á framkvæmd reglubundins skólaaksturs samkvæmt samþykktu skipulagi.

Á fundi menntaráðs 3. nóvember 2005 var samþykkt að heimila Menntasviði að gera undanþágu um vegalengd þar sem um mjög erfðar gönguleiðir er að ræða, svo sem þungar umferðargötur, bersvæði og illa lýstar leiðir.

Reykjavík 27. janúar 2016

Skóla og frístundasvið
bt. Ásgeirs Björgvinssonar
Sérfræðings á tölfraði – og rannsóknþjónustu SFS

Vegna erindis skóla- og frístundasviðs til skólaráða grunnskóla varðandi reglur um skólahverfi og innritun í almenna grunnskóla frá skóla- og frístundasviði 14.10. 2015

Erindi til skólaráða:

- *Hverjir eru kostir og gallar núverandi skólahverfismarkna gagnvart ykkar skóla?*
- *Sjáið þið ástæðu til þess að breyta skólahverfismörkum vegna þéttingu byggðar eða vegna einhverra annarra þátta í núgildandi fyrirkomulagi?*
 - *Ef breytinga er þörf: Hvaða breytingar mynduð þið vilja sjá?*
- *Almennar athugasemdir um skólahverfamörk sem skólaráð vill koma á framfæri.*

Erindið var rætt á fundi skólaráðs Vogaskóla 28. janúar 2016

1. Kostir og gallar núverandi skólahverfismarkna

Það er frekar erfitt að gera sér grein fyrir kostum og göllum hverfismarkanna. Landfræðilega er hverfið stórt og Vogaskóli er við endamörk þess í austri sunnan Miklubrautar. Hvað varðar fjölda nemenda í Vogaskóla þá getum við bætt við nemendum því út frá fjöldaspá tölfraðideildar SFS er gert ráð fyrir lítilli aukningu nemenda fram til ársins 2019 eða nemendafjöldinn verði frá 308-320. Í Vogaskóla gæti hæglega verið tveggja liða árgangar þ.e. með ca. 40 nemendum í árgangi, tveir kennarar og tveir hópar. Langholtsskóli virðist vera að springa hvað nemendafjöldi varðar og því er full ástæða til að endurskoða færslur milli skólamarkna Langholtsskóla og Vogaskóla að okkar mati.

2. Varðandi innritunarreglur

Samkvæmt innritunarreglum Reykjavíkur um val foreldra/nemenda á skólum gætu sumir skólar átt erfitt með að taka við fleiri nemendum en þeim sem tilheyra viðkomandi skólahverfi vegna þrengsla/nemendasamsetningar. Eðlilegast er að nemandi stundi sinn skóla í sínu hverfi því það eru fleiri þætti en námslegir þættir sem skipta máli í skóla fyrir nemanda því félagsþátturinn spilar oft stórt hlutverk.

Meginreglan ætti að vera sú hvað innritun varðar að nemendur eigi ekki rétt á skólavist í skólum í öðru skólahverfi hvenær sem er á skólaárinu heldur einungis í upphafi annar.

Virðingarfyllt
f.h. skólaráðs Vogaskóla

Jónína Ólöf Emilsdóttir,
skólastjóri Vogaskóla



Reykjavík 30. janúar 2017

Skóla- og frístundasvið
Guðlaug Sturlaugsdóttir
Skrifstofustjóri grunnskóla SKF

**Efni: Erindi skóla- og frístundasviðs til foreldrafélags Vogaskóla varðandi
breytingar á hverfamörkum milli Vogaskóla og Langholtsskóla**

Eftir kynningu og umræður um hverfamörk Langholtsskóla og Vogaskóla, er stjórn foreldrafélags Vogaskóla sammála því að hverfamörkin verði færð miðað við núverandi skipulag.

Stjórn foreldrafélagsins leggur til að tillagan þar sem Gláðheimar, Sólheimar 25, Hlunnvogur og Siglúvogur verði að veruleika.


Stjórn foreldrafélagsins vill þó koma því á framfæri að þeim finnst einkennilegt að Njörvasund skuli vera undanskilið, þrátt fyrir þau rök er komu fram á kynningu.

Virðingarfyllt
f.h. Foreldrafélags Vogaskóla

Ellen Rose Guðmundsdóttir

Ellen Rose Guðmundsdóttir

Formaður





Reykjavíkurborg

Reykjavík 26. janúar 2017

Skóla- og frístundasvið
bt. Helga Grímssonar
sviðsstjóra

Efni: Umsögn skólaráðs Langholtsskóla um „Endurskoðun reglna um skólahverfi og innritun í grunnskóla Reykjavíkurborgar“ skv. bréfi sviðsstjóra dagsett 19. desember 2016.

Skólaráð Langholtsskóla fjallaði um tillögur skóla- og frístundasviðs um breytingu mörkum skólahverfa milli Langholtsskóla og Vogaskóla á fundi sínum þann 13. janúar sl. og innritunarreglur í grunnskóla borgarinnar. Í tillögunum er gert ráð fyrir að Álheimar 35-51, Glaðheimar allir, Sólheimar 25, Hlunnvogur og Sigluvogur muni tilheyra skólahverfi Vogaskóla í stað Langholtsskóla.

Skólaráð hafði áður fjallað um kosti og galla núverandi skólahverfamarka. Þar kemur m.a. fram að vegna mikils fjölda nemenda í Langholtsskóla væri hugsanlega ástæða til að endurskoða vestri og eystri mörk skólahverfis Langholtsskóla. Einnig var fjallað um innritun grunnskólabarna og viðruð sú hugmynd skólaráðsins að skólar geti neitað nemendum utan skólahverfi inngöngu vegna heildarfjölda nemenda þótt hugsanlega væri pláss í einstaka bekkjardeildum (meðfylgjandi bréf frá 10.12. 2015).

Tillaga um ný mörk skólahverfanna.

Skólaráð Langholtsskóla telur nauðsynlegt að grípa til ráðstafana vegna mikils fjölda nemenda í Langholtsskóla. Þar eru ekki síst hagsmunir nemenda í húfi þar sem Langholtsskóli býr við mun þrengri húsnæðiskost en Vogaskóli getur bætt við sig nokkrum fjölda nemenda. Tillögur skóla- og frístundasviðs um færslu hverfamarka skólanna þannig að Álheimar 35-51, Glaðheimar, Sólheimar 25, Hlunnvogur og Sigluvogur tilheyri Vogaskóla er rökrétt þar sem vegalengd milli Vogaskóla og viðkomandi svæða er styttri eða álíka löng og vegalengdin að Langholtsskóla.


Hins vegar er óvíst hvort þessi tilfærsla komi til með að hafa áhrif á fjölda nemenda í Langholtsskóla til skemmri tíma litið þar sem þau börn sem búa við viðkomandi götur og þegar eru í Langholtsskóla verða væntanlega áfram í skólanum. Einnig má gera ráð fyrir að foreldrar verðandi grunnskólanemenda sem eiga systkini í Langholtsskóla óski eftir að börn þeirra sæki Langholtsskóla. Það er því nauðsynlegt að mæta þörfum skólans með auknu kennslurými, lausum kennslustofum, auk þess að standa straum að leigu fyrir




LANGHOLTSSKÓLI

Skólaráð samþykkir tillögu (2) skóla- og frístundasviðs fyrir sitt leyti en bendir á að óvíst er að breytingin hafi mikil áhrif á nemendafjölda í Langholtsskóla næsta skólaár. Hún gæti þó haft áhrif þegar til lengri tíma er litið. Skólaráðið gerir ekki athugasemdir við lagfæringar og breytinga á innritunarreglum í grunnskóla borgarinnar.

F.h. skólaráðs Langholtsskóla


Hreiðar Sigtryggsson,
skólastjóri



Reykjavík 10. desember 2015

Skóla og frístundasvið
bt. Ásgeirs Björgvinssonar
Sérfræðings á tölfræði – og rannsóknþjónustu SFS



Vegna erindis skóla- og frístundasviðs til skólaráða grunnskóla varðandi reglur um skólahverfi og innritun í almenna grunnskóla frá skóla- og frístundasviði 14.10. 2015

Erindi til skólaráða:

- *Hverjir eru kostir og gallar núverandi skólahverfismarkna gagnvart ykkar skóla?*
- *Sjáið þið ástæðu til þess að breyta skólahverfismörkum vegna þéttingu byggðar eða vegna einhverra annarra þátta í nágildandi fyrirkomulagi?*
 - *Ef breytinga er þörf: Hvaða breytingar mynduð þið vilja sjá?*
- *Almennar athugasemdir um skólahverfamörk sem skólaráð vill koma á framfæri.*

Erindið var rætt á fundi skólaráðs Langholtsskóla 4. desember sl.

1. Kostir og gallar núverandi skólahverfismarkna

Erfitt er að gera sér grein fyrir kostum og göllum hverfismarkanna. Hverfið er stórt en e.t.v. landfræðilega rökrétt. Fjöldi nemenda í Langholtsskóla er hins vegar afar mikill miðað við húsnæði skólans og ekki séð hvernig hann getur annað mikið fleiri nemendum en hann gerir í dag. Samkvæmt fjöldaspá tölfræðideildar SFS gætu nemendur orðið 645 haustið 2016, 654 haustið 2017, 665 haustið 2018 og 678 haustið 2019. Þessar tölur eru varlega áætlaðar þar sem 60 nemendur útskrifast vorið 2016 en vænta má 75 nemenda í 1. bekk haustið 2016. Árið 2017 útskrifast 42 nemendur úr 10. bekk og enn má vænta um 75 nemenda í 1. bekk. Því gæti fjöldi nemenda í Langholtsskóla orðið 655 haustið 2016 og allt að 690 haustið 2017. Því er full ástæða til að velta fyrir sér hvort hugsanlega megi endurskoða vestasta og austasta hluta hverfisins ef breyting verður á skólahverfi Laugarnes- og Laugalækjarskóla annars vegar og skólahverfis Vogaskóla hins vegar vegna þéttingar byggðar í þeim hverfum.


2. Varðandi innritunarreglur

Samkvæmt innritunarreglum Reykjavíkur um val foreldra/nemenda á skólum má ljóst vera að sumir skólar gætu átt erfitt með að taka við fleiri nemendum en þeim sem tilheyra viðkomandi skólahverfi. Í viðræðum skólastjóra Langholtsskóla við fyrrum skrifstofustjóra SFS, um það hvort neita mætti nemanda um inngöngu sem býr utan skólahverfisins á forsendum heildarfjölda, kom fram að ef rými væri í tilteknum árgangi eða bekk væri ekki hægt að neita nemanda utan skólahverfis um skólavist. Í ljósi þess sem fram kemur í svari 1 hér að ofan varðandi heildarfjölda í skóla getur hann valdið því að skólinn eigi erfitt með að sinna lögbundinni þjónustu, s.s. kennslu í list- og verkgreinum og íþróttum, matarþjónustu

o.s.frv. Það er því full ástæða til að skoða hversu marga nemendur húsnaði einstakra grunnskóla getur borið. Því er spurning hvort ekki setja eigi ákvæði, sem gildir í tiltekinn tíma eða til bráðabirgða, um að skólar geti neitað nemendum utan skólaverfis um skólavist á forsendum mikils heildarfjölda nemenda í skólanum.


Varðandi innritunarreglur má skoða hvort hvetja eigi skóla til að halda sig við tímabil innritunar, þ.e. að nemendur eigi ekki rétt á skólavist í skólum í öðru skólaverfi á miðri önn eða hvenær sem er á skólaárinu.

Virðingarfyllst
f.h. skólaráðs Langholtsskóla




Hreiðar Sigtryggsson
skólastjóri





Reykjavíkurborg

Deildatunardatal
Laugardals & Haaleitis

Reykjavík, 31. janúar 2017.

Skóla – og frístundasvið Reykjavíkurborgar
b.t. Helga Grímssonar sviðsstjóra
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Á fundi Hverfisráðs Laugardals var tekið fyrir erindi frá skóla – og frístundasviði sem er dagsett 19. des. 2016 um endurskoðun reglna um skólahverfi og innritun í grunnskóla Reykjavíkurborgar þar sem óskað er umsagnar hverfisráðsins.

Umsögnin er hér:

Hverfisráð Laugardals er meðmælt því að farið verði í endurskoðun á mörkum skólahverfa í Voga – og Heimahverfi og mælt með tillögu 2 sem kynnt var á fundinum í Vogaskóla 24. janúar.

Þessu er hér með komið á framfæri.

F.h. hverfisráðs Laugardals
Sigtryggur Jónsson,

Reykjavíkurborg,
Skóla- og frístundasvið,
anna.gardarsdottir@reykjavik.is,
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík.

Reykjavík, 6. febrúar 2017

Efni: Umsögn Foreldrafélags Melaskóla vegna nýrrar tillögu um færslu skólahverfismarkna milli Grandaskóla og Melaskóla

Ég vísa til bréfs skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, dags. 25. janúar sl. Með því var óskað eftir nýrri umsögn Foreldrafélags Melaskóla (Formel) um tillögu meirihluta skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar er varðar endurskoðun reglna um skólahverfi og innritun í grunnskóla Reykjavíkur. Tillagan felur í sér að skólahverfismörk Melaskóla og Grandaskóla verði færð að Hofsvallagötu frá og með upphafi skólaársins 2017/2018. Jafnframt að foreldrar sem eigi lögheimili í götum sem færast milli skólahverfa við breytinguna hafi val um í hvorn skólann börn þeirra fari og forgang í báða skólana út skólaárið 2019/2020. Loks að breytingin hafi ekki áhrif á þá nemendur sem nú sækja Melaskóla og Grandaskóla. Stjórn Formel sendi tillöguna til foreldra grunn- og leikskólabarna í skólahverfi Melaskóla og kallaði eftir sjónarmiðum um hana.

Framangreind tillaga kemur í kjölfar annarrar tillögu starfshóps á vegum Reykjavíkurborgar sem kynnt var 19. desember sl. Sú tillaga gekk mun skemur og fól í sér að skólahverfamörkum væri breytt þannig að Meistaravellir færðust undir Grandaskóla fyrir nýja nemendur haustið 2017. Stjórn Formel skilaði umsögn um þá tillögu, dags. 14. janúar sl., þess efnis að ekki þætti ástæða til að gera athugasemdir við fyrirhugaða breytingu enda væri hún lítilsháttar. Hins vegar voru í umsögn Formel ítrekaðar kröfur um úrbætur í húsnæðis- og aðstöðumálum Melaskóla sem væru nauðsynlegar, óháð hugsanlegum tilfærslum á skólahverfismörkum. Þann 25. janúar sl. ályktaði stjórn Formel um vanda Melaskóla þar sem úrbótakröfur voru enn áréttáðar og var sú ályktun send borgarfulltrúum, skóla- og frístundasviði og umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar. Jafnframt ber að nefna ályktun opins fundar skólaráðs

Melaskóla frá 30. nóvember sl. þar sem skorað var á Reykjavíkurborg að setja án tafar fram áætlun um stækkun Melaskóla og endurbætur á núverandi húsnæði.

Það vekur furðu stjórnar Formel og ber að harma að framangreindum ályktunum og erindum stjórnarinnar hafi ekki verið svarað. Melaskóli býr við neyðarástand vegna húsnæðis- og aðstöðuleysis. Úr því ástandi verður ekki leyst nema með verulegum endurbótum á núverandi húsnæði skólans og viðbyggingu við skólann. Tillaga meirihluta skóla- og frístundaráðs um tilfærslu á skólahverfismörkum breytir þar engu um. Þær framkvæmdir sem Foreldrafélag og skólaráð Melaskóla hafa bent á að verði að ráðast í¹ eru jafn nauðsynlegar hvort sem fjöldi nemenda við Melaskóla er í kringum 650 (núverandi nemendafjöldi) eða 560 (spá um nemendafjölda í Melaskóla haustið 2021 ef allar forsendur og bjartsýnustu vonir Reykjavíkurborgar ganga eftir). Með þetta í huga er sú harkalega og viðamikla breyting, sem lögð er til á skólahverfismörkum Melaskóla, ekki grundvölluð á fullnægjandi forsendum og á hana er ekki unnt að fallast óbreytta.

Í ljósi þeirrar tillögu sem hér er gefin umsögn um og þeirra ályktana um vanda Melaskóla sem sendar hafa verið Reykjavíkurborg undanfarnar vikur krefst stjórn Foreldrafélags Melaskóla þess að boðað verði strax til fundar með fulltrúum stjórnarinnar og skólaráðs Melaskóla, borgarstjóra, formönnum skóla- og frístundaráðs og umhverfis- og skipulagsráðs sem og viðeigandi sviðsstjórum í því skyni að ræða heildstætt um húsnæðis- og aðstöðuvanda Melaskóla og aðgerðir Reykjavíkurborgar vegna hans.

Um fyrirliggjandi tillögu vill stjórn Formel annars taka fram eftirfarandi:

Í ljósi þess brýna húsnæðis- og aðstöðuvanda sem Melaskóli stendur frammi fyrir og nemendafjölda við skólann sem spár gera ráð fyrir næstu ár telur stjórnin ekki óeðlilegt að horft sé til ýmissa úrræða sem saman geta stuðlað að lausn til skemmri tíma. Úrræði sem fælist í því að nemendur með lögheimili á milli núverandi skólahverfismarkna Melaskóla í vestri og Hofsvallagötu hefðu val um í hvorn skólann þau fara og forgang í báða skóla er eitt þeirra. Með þeim fyrirvara (1) að um bráðabirgðaaðgerð sé að ræða, (2) að samhliða verði gripið til annarra úrræða í formi aðstöðubætingar í Melaskóla sem duga til að leysa bráðavanda skólans fyrir næsta og næstu skólaár og (3) að samhliða verði unnin vönduð greining á framtíðarþörfum Melaskóla hvað varðar húsnæði og annan aðbúnað og

¹ Gerð er grein fyrir margvíslegum atvörðum sem að þessu líta í ályktun stjórnar Formel frá 25. janúar sl. og er hún meðfylgjandi umsögn þessari.

ráðist í nauðsynlegar framtíðarúrbætur á grundvelli hennar, telur stjórn Formel skynsamlegt í ljósi kringumstæðna að tímabundin breyting verði gerð á reglum um innritun nemenda í Melaskóla og Grandaskóla. Hún feli í sér að nemendur vestan Hofsvallagötu en austan núverandi skólahverfismarka Melaskóla hafi val um innritun í Melaskóla eða Grandaskóla og forgang í báða skóla. Taka mætti slíkt fyrirkomulag upp tímabundið til 3-5 ára eða ótímabundið. Fráleitt væri hins vegar að taka nú ákvörðun um að gera varanlega breytingu á skólahverfismörkum Melaskóla, miðað við Hofsvallagötu, frá og með skólaárinu 2020/2021 með þeim afleiðingum að synja mætti börnum með lögheimili vestan Hofsvallagötu um innritun í Melaskóla frá og með þeim tíma. Áður en nokkrar slíkar grundvallarbreytingar yrðu ákveðnar verður að liggja fyrir vönduð greining á húsnæðis- og aðstöðupörf Melaskóla, sbr. framangreint, og miklu vandaðari úttekt og kynning á áhrifum slíkrar breytingar en fyrir liggur.

Tillaga meirihluta skóla- og frístundaráðs gengur því of langt að mati stjórnarinnar enda eru margvíslegir ókostir við þá afmörkun á skólahverfi Melaskóla sem tillagan gerir ráð fyrir og hún dugar ekki til að leysa húsnæðisvanda Melaskóla, hvorki til lengri eða skemmri tíma.

Í því sambandi bendir stjórnin á það sem þegar hefur komið fram að gera þarf vandaða úttekt á húsnæðis- og aðstöðupörf Melaskóla og ákveða uppbyggingu og úrbætur á húsnæði og umhverfi skólans á grundvelli niðurstaðna slíkrar greiningar. Hjá þessu verður ekki komist burtséð frá legu skólahverfismarka og burtséð frá því hvort nemendur eru u.þ.b. 550 eða 650. Það er því hvað sem öðru líður ekki tímabært að taka endanlegar ákvarðanir nú um verulega breytingu á skólahverfismörkunum.

Jafnvel þótt áhrif tillögunnar, eins og þau eru metin af Reykjavíkurborg, kæmu fram að fullu, þ.e. ef bjartsýnustu spár um það ganga eftir, verður nemendafjöldi í Melaskóla til fyrirsjáanlegrar framtíðar samt meiri en svo að núverandi húsnæði rúmi þann fjölda vel. Ekki er augljóst að bekkjardeildum í Melaskóla myndi fækka á komandi árum þótt bekkjarstærðir gætu minnkað eitthvað.

Þessu tengt myndi sú breyting sem tillaga meirihluta skóla- og frístundaráðs er um, komi áhrif hennar fram að fullu, valda m.a. þeim vanda í Grandaskóla að frístundastarfsemi við skólann færi á hrakhóla. Eftir því sem næst verður komist liggur ekki fyrir nein tillaga um hvernig á þeim vanda yrði tekið en hann væri handan við hornið, komi tillagan til fullra framkvæmda.

Þá bendir stjórn Formel á að framangreind breyting á skólahverfamörkum er óheppileg m.t.t. legu skólanna beggja innan síns skólahverfis. Vegalengd barna í skóla sem búa nálægt Hofsvallagötu, og sem myndu flytjast úr Melaskóla í Grandaskóla, myndi lengjast verulega og Melaskóli stæði ekki lengur nálægt miðju síns skólahverfis eins og ákjósanlegt hlýtur að teljast. Við blasir að umferð við Grandaskóla vegna aksturs foreldra með börn í skólann, einkum þau yngstu og þau sem koma af stórum hluta þess svæðis sem breytingartillagan nær til, myndi aukast verulega. Nú þegar er aðgengi bifreiða að Grandaskóla þröngt og mikill ókostur að búa svo um hnútana að bílaumferð við skólann aukist fyrirsjáanlega vegna breytinga af þessu tagi.

Einnig bendir stjórnin á að ýmsir óvissuþættir eru fyrir hendi um hvernig nemendafjöldi muni þróast, ekki síst í Grandaskóla, á næstu árum m.t.t. þéttingar byggðar og endurnýjunar í skólahverfi Grandaskóla. Talið er að skólahverfi Melaskóla sé hvað íbúasamsetningu varðar það þroskaðasta í Reykjavík og þar sem jafnvægi er hvað mest, þ.e. þar sem síst er ástæða til að búast við miklum sveiflum. Öðru máli gegnir um skólahverfi Grandaskóla sem er miklu yngra. Augljóst er að fyrr eða síðar mun eiga sér stað endurnýjun í hverfinu með auknum fjölda barnafjölskyldna sem um leið veldur fjölgun nemenda í Grandaskóla. Nemandafjöldaspár sem Reykjavíkuborg leggur til grundvallar í dag ná aðeins til næstu 4 til 5 ára.

Stjórn Formel bendir einnig á að til margra ára hefur það verið stefna borgarinnar og meginregla að foreldrar hafi val um hvaða skóla börn þeirra sækji. Á heimasíðu Reykjavíkurborgar segir m.a. um þetta: "*Lögheimili nemenda ræður því í hvaða hverfissskóla þau eiga námsvist. Engu að síður eiga allir foreldrar kost á að sækja um skóla fyrir börn sín hvar í borginni sem er skv. innritunarreglum.*" Tillaga meirihluta skóla- og frístundaráðs felur í sér að þetta val verði í raun aflagt og Melaskóla með öllu lokað fyrir börnum utan skólahverfis. Í því felst algert fráhrarf frá þessari stefnu sem sátt hefur verið um eftir því sem næst verður komist. Óásættanlegt er að gripið sé til svo afdrifaríkra ráðstafana þegar fyrir liggur að þær munu ekki leysa húsnaðis- og aðstöðuvanda Melaskóla, hvorki til lengri né skemmri tíma, enda er sá vandi miklu margþættari en svo.

Með vísan til alls framangreinds leggur stjórn Formel til eftirfarandi breytingu á fyrirbyggjandi tillögu:

Reglum um innritun nemenda í grunnskóla Reykjavíkurborgar verði breytt þannig að foreldrar sem eiga lögheimili á milli skólahverfismarka Melaskóla í vestri og Hofsvallagötu hafi val um hvort börn þeirra innritist í Melaskóla eða Grandaskóla og forgang í báða skóla.

Fyrirkomulag þetta skuli annaðhvort gilda frá og með upphafi skólaársins 2017/2018 og til og með skólaárinu 2019/2020 og þörf fyrir það endurmetið fyrir lok þess tíma eða ótímabundið og endurskoðað innan þriggja ára. Forsenda tillögunnar er sú að án tafar verði gerð vönduð úttekt og greining á húsnæðis- og aðstöðuskorti Melaskóla og framkvæmda- og úrbótaáætlun sett fram á grundvelli hennar sem feli í sér nauðsynlegar bráðabirgðalausnir á neyðarvanda skólans til næstu missera og varanlegar lausnir sem komnar verði að fullu í gagnið innan þriggja ára eða að öðrum kosti svo fljótt sem verða má, allt í samráði við skólastjórnendur og skólasamfélagið.

Með framangreindum hætti væri þeirri léttingu á nemendafjölda við Melaskóla, sem fyrirliggjandi tillaga getur hvort eð er leitt til, að mestu eða öllu leyti náð hvað næstu skólaár varðar. Einboðið væri að Reykjavíkurborg stæði fyrir vandaðri kynningu á þessari breytingu og þeim valkostum sem hún felur í sér fyrir foreldra og nemendur.

Þá tryggir tillagan að foreldrar nemenda sem eiga sterk og nán tengsl við Melaskóla umfram Grandaskóla, t.d. vegna þess að eldri systkini stunda nám við Melaskóla eða Hagaskóla, yngri systkini stunda nám við leikskóla í nágrenni Melaskóla o.fl., geta treyst því að börn þeirra geti innritast í Melaskóla og átt þar sína grunnskólagöngu. Tillagan kemur í veg fyrir það mikla óhagræði sem felst í því að skylda eða neyða foreldra til að ferðast með börn sín í margar áttir bara eftir því hvort þau búa rétt austan eða vestan við Hofsvallagötu. Þá sviptir tillagan foreldra og börn á svæðinu ekki þeim valkostum sem þeim eiga að standa til boða og gengur ekki lengra en nauðsynlegt er til að hjálpa við úrlausn þess vanda sem fyrir liggur.

Virðingarfyllst,

f.h. stjórnar Foreldrafélags Melaskóla



Heimir Örn Herbertsson, formaður

NEYÐARVANDI MELASKÓLA

- ályktun stjórnar Foreldrafélags Melaskóla -

Miðvikudaginn 25. janúar 2017 kom stjórn Foreldrafélags Melaskóla saman til fundar og samþykkti einróma svohljóðandi ályktun:

Melaskóli býr við neyðarástand vegna húsnæðisskorts og aðstöðuleysis. Í ályktun opins fundar skólaráðs Melaskóla sem haldinn var þann 30. nóvember 2016 var bent á að skólann bráðvantar fleiri bekkjarstofur og sérgreinastofur til kennslu. Mötuneyti skólans, aðgengismál, salernismál og vinnuaðstaða kennara væri ófullnægjandi. Uppfæra þyrfti tölvu- og tækjakost skólans. Fram kom að húsnæðisvandi skólans yrði ekki leystur til framtíðar án viðbyggingar. Var skorað á Reykjavíkurborg að bregðast strax við vandanum.

Stjórn foreldrafélagsins hefur nú fengið lista yfir fyrstu hugmyndir að breytingum á húsnæði skólans sem eru til umræðu hjá Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar. Að mati stjórnarinnar skortir verulega á að þær hugmyndir séu grundvalladar á fullnægjandi greiningu á þörfum skólans og þær duga hvergi nærri til að leysa vanda hans, hvorki í bráð né lengd. Að miklu leyti felst í hugmyndunum tilfærsla vandamála fremur en lausn.

Nemendur Melaskóla búa í dag, eftir því sem næst verður komist, við fæsta fermetra, fæst stöðugildi og lægstu fjárveitingu á hvert barn af öllum skólum í Reykjavík. Öll rými skólans þarfnast stækkunar og viðhalds, þar með talið mötuneyti, bókasafn, tölvuaðstaða, sérkennslurými, vinnuaðstaða kennara, skrifstofu- og stjórnendaráými, íþróttaaðstaða og bekkjarstofur nemenda. Salernisaðstaða er með öllu úrelt og ófullnægjandi, bæði fyrir nemendur og kennara. Þá er aðgengi fyrir fatlaða og hreyfihamlaða ekki til staðar og frístundaheimili við skólann er rekið í bráðabirgðaskúrum á lóð hans og hefur svo staðið árum saman.

Stjórnin bendir á að árið 2002 unnu Fasteignastofa Reykjavíkurborgar og Fræðslumiðstöð Reykjavíkurborgar rýmisathugun fyrir grunnskóla borgarinnar. Markmið hennar var að meta það rými sem skólar borgarinnar þyrftu til næstu framtíðar. Á þessum tíma var nýlokið við að reisa viðbyggingu Melaskóla og skólinn þá að flatarmáli án íþróttamannvirkja 5.232 fm. Í skýrslunni er miðað við að skóli með 400 - 450 nemendur sé um 4.500 fm að stærð sem jafngildir um 10-11 fm á nemanda. Þegar nýjir skólar eru byggðir í dag er miðað við um 12 fm á

nemanda. Í Melaskóla hefur hver nemandi í dag um 8 fm sem er langt undir framangreindum mörkum og hefur svo staðið um árabíl.

Í kafla 1.2.3.4. í skýrslunni (Um mat á húsnæðisþörf) kemur fram að spá um nemendafjölda geri ráð fyrir verulegri fjölgun nemenda í skólanum þar sem hverfið í jafnvægi skilaði 670 nemendum í skólann. Ljóst þótti að skólinn myndi ekki anna þeim fjölda án breytinga og viðbyggingar. Í skýrslunni segir: "Stjórnunarrými er í heild sinni mjög þröngt í dag. Þar vantar rými fyrir námsráðgjafa, fundarherbergi, eldtrausta geymslu o.fl. Miðað við nemendasþá vantar almennar kennslustofur, fjölnýtistofu o.fl. Lyftu vantar í eldra skólahúsið".


Því er ljóst að lengi hefur legið fyrir vitneskja hjá Reykjavíkurborg um þann vanda sem Melaskóli stendur frammi fyrir og hefur verið gert að glíma við mörg undanfarin ár. Við blasir að byggja þarf við skólann þannig að mæta megi lágmarkspörfum nemenda, kennara og annars starfsfólks óháð því hvort fyrirleggjandi tillögur um færslu skólahverfismarkna, og tilheyrandi spár um nemendafjölda við skólann á næstu árum, ganga eftir. Slík viðbygging myndi nýtast skólanum á meðan nemendafjöldi við hann krefst en t.d. frístundaheimili fyrir Melaskóla, starfsemi Hagaskóla eða annarri tengdri starfsemi ef og þegar nemendafjöldi Melaskóla leyfir. Jafnframt þarf að ráðast í verulegt viðhald og endurbætur á núverandi húsnæði.

Foreldrafélagið hefur nú til umsagnar tillögu meirihluta skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar um breytingu á skólahverfismörkum Melaskóla og Grandaskóla. Umsögn um þá tillögu mun verða skilað þann 3. febrúar nk. samkvæmt beiðni en að mati stjórnarinnar er augljóst að framangreind uppbygging og endurbætur við Melaskóla eru nauðsynlegar burtséð frá hugsanlegum tilfærslum á skólahverfismörkum.

Stjórn foreldrafélagsins krefst þess að Reykjavíkurborg láti fara fram nú þegar vandaða úttekt og þarfagreiningu í Melaskóla m.t.t. framangreinds og láti vinna tillögur að myndarlegri viðbyggingu og úrbótum á eldra húsnæði sem taki mið af þörfum Melaskóla til lengri og skemmri tíma.

F.h. stjórnar Foreldrafélags Melaskóla,

Heimir Örn Herbertsson formaður





Reykjavík 2. febrúar 2017

Sviðstjóri Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur
Helgi Grímsson
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Efni: Umsögn skólaráðs Grandaskóla um tillögu Skóla og frístundaráðs frá 25. janúar 2017 að breyttum skólamörkum Grandaskóla og Melaskóla.

Eins og fram hefur komið í fyrri umsögnum skólaráðs Grandaskóla varðandi breytingar á skólamörkum ræður skólabýgging skólans við aukningu á nemendafjölda. Skólaráð vill þó gera eftirfarandi athugasemdir við nýja tillögu í ljósi fyrirliggjandi upplýsinga sem með henni fylgja og þeirri umræðu sem átt hefur sér stað um málefnið.

Nemendaspá

Í forsendum fyrir nemendaspám er fjölgun vegna nýbygginga metin of lítil þar sem fermetraverð á umræddum reitum er lítið hærra en almennt gerist í skólahverfi Grandaskóla og enn síður ef lítið er til skólahverfis Melaskóla. Það er mat skólaráðs að ekki sé hægt að bera byggingar í miðborg saman við umrædd nýbyggingarsvæði. Þar sem ætla má að mikið af íbúðum hafi verið keyptar til framleigu til ferðamanna og fjölskyldur með börn ekki sest að í þeim. Skólaráð telur að miða eigi við þá stuðla sem gilda fyrir hverfið í heild þ.e. 0.22. Hér er um að ræða óvissuþátt sem má alls ekki vanreikna í þessu samhengi.

Fristund

Í fyrri umsögnum skólaráðs Grandaskóla kemur fram að fjölgun nemenda í skólanum hefur það í för með sér að Undraland (frístundaheimili fyrir nemendur í 1. og 2. bekk) verður að víkja úr þeirri aðstöðu sem það hefur til umráða. Skólaráð Grandaskóla vill leggja áherslu á að húsnæðismál Undralands verði leyst áður en nokkrar ákvarðanir verða teknar sem valda því að aðstaða þess skerðist. Nú þegar er farið að þrengja að þeim rýmum sem frístundin hefur til umráða og frekari fjölgun nemenda í Grandaskóla mun fljótlega hafa þau áhrif að vísa verður börnum frá þar sem ekki verður unnt að taka við öllum þeim sem sækja um vist í frístund.

Húsnæði

Skólaráð Grandaskóla vill benda á að húsnæði skólans er að ýmsu leyti vanbúið og í skólanum eru ekki rými sem eru til staðar í mörgum öðrum skólum. Í skólanum er salur sem byggður var sem fjölnota salur á þeim tíma sem ekki var gert ráð fyrir að allir nemendur fengju heitan mat í hádegi. Í þessum sal eru kenndar íþróttir auk þess sem börnin matast í honum. Vegna matartíma nemenda takmarkast nýtingu salarins til íþróttakennslu umtalsvert. Fjölgni nemendum þarf að bregðast við með því að senda fleiri og yngri nemendur í íþróttir í íþróttahúsi KR og verður það því að liggja fyrir hvort aukning tíma þar sé möguleg. Nemendur í Grandaskóla hafa auk þess enga aðstöðu til að koma saman til að njóta leiksýninga sem samnemendur bjóða uppá eða njóta annarra listviðburða sem skólanum bjóðast. Í Grandaskóla er enginn „hátfíðarsalur“ en flestir

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar
B.t. Helga Grímssonar, sviðsstjóra
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 2. febrúar 2017

Efni: Umsögn um breytingu á skólahverfamörkum

Ágæti Helgi,

Við í stjórn Foreldrafélags Grandaskóla höfum rætt bréf ykkar dagsett 25. janúar 2017 varðandi þá samþykkt skóla- og frístundaráðs að færa skólahverfamörk Grandaskóla og Melaskóla að Hofsvallagötu. Eins og þið höfum við skoðað málið betur. Við höfum skilning á þessari ákvörðun til að reyna að leysa vanda Melaskóla en við óttumst neikvæðar afleiðingar hennar á Grandaskóla. Ef spár ganga eftir þá verða báðir skólar undir fermetra viðmiðum og Grandaskóli gæti jafnvel farið enn meira undir þau ef fleiri nemendur kæmu í skólann úr nýbyggingum. Þetta eru okkar athugasemdir:

Faxaskjól og Sörlaskjól

Í tillögunni er ekkert fjallað um hugmyndir skólaráðs Grandaskóla um að bæta götunum Faxaskjóli og Sörlaskjóli við skólahverfi Grandaskóla. Það mætti bæta fleiri götum við skólahverfi Grandaskóla þótt ekki verði farið alla leið að Hofsvallagötu.

Nemendaspá

Nemendaspá gerir ráð fyrir fjölgun í Melaskóla og fækkun í Grandaskóla til 2021.

Á hverju er sú spá byggð? Við leyfum okkur að efast um forsendurnar þar og nefnum tvö atriði því til stuðnings, misdýr skólahverfi og áhrif nýbygginga.

Misdýr skólahverfi

Húsnæðisverð er nú þegar dýrara á Melunum. Bætum svo við að meiri líkur eru þar á svokallaðri AirBnB-væðingu hverfisins, sem stendur nær miðborginni, og leiðir aftur til enn meiri hækkunar fasteignaverðs. Grandarnir eru nú þegar ódýrara svæði og því má gera ráð fyrir að barnafjölskyldum muni allavega ekki fækka í hverfi Grandaskóla á næstu árum, heldur jafnvel fjölga með enn betri nýtingu barnafjölskyldna á þeim tæplega tvöþúsund íbúðum sem fyrir eru í hverfinu.

Kannski má lesa stöðu dagsins í dag út úr tölum um ólíkan fjölda barna í 1.-7. bekk per íbúð í skólahverfunum, en þau eru um 0,22 í hverfi Grandaskóla en um 0,18 í hverfi Melaskóla. Þessi staða gæti skekkst enn meir á komandi árum.

Áhrif nýbygginga

Í útreikningum með tillögunni er gert ráð fyrir helmingi færri börnum, 0,11 per íbúð, úr nýbyggingum á Grandaskólasvæði miðað við hverfið að öðru leyti. Vísað til þess að reynslan af nýbyggingum miðsvæðis í Reykjavík bendi til að lítið sé um barnafjölskyldur.

Þegar lítið er á a) staðsetningu, b) stærð og c) verð íbúða á Lýsisreit og fyrirhugaðra íbúða á Keilugranda er ljóst að engan veginn er hægt að bera það saman við sambærileg atriði í lúxus-íbúðum sem byggðar hafa verið í miðbænum, eins og Skuggann, Stjörnubíóreitinn og húsið við höfnina.

Við teljum útilokað að bera þetta saman og því nær að gera ráð fyrir sama hlutfalli barna úr nýbyggingum á þessum tveimur reitum, eins og fyrir eru í hverfinu. Það gæti þýtt 50 barna fjölgun (í stað einungis 25 barna fjölgun), svo heildarfjöldi í Grandaskóla færi úr 399 miðað við tillöguna árið 2021 upp í 424 börn.

Húsnæði Grandaskóla

Breytingarnar gera ráð fyrir fermetrar per barn verði 10,3 í Grandaskóla sem er undir þeim 11,0 fermetrum per barn sem miðað er við í nýjum skólum. Þá er samt ekki gert ráð fyrir barnafjölgun vegna nýbygginga eða betri nýtingu barnafjölskyldna í íbúðum sem fyrir eru í hverfinu.

Benda má á að íþróttastaðan er ekki nægileg fyrir þann fjölda barna sem er í skólanum í dag. Nemendur í 5.-7. bekk sækja leikfimitíma í íþróttahúsi KR. Þetta er aukinn kostnaður fyrir skólann og eftir því sem við best vitum er ekki tekið sérstakt tillit til þess í fjárveitingum til skólans. Með fjölgun nemenda er ljóst að fleiri bekkir þurfi að sækja leikfimitíma í KR með tilheyrandi kostnaði fyrir skólann, og að því gefnu að svigrúm sé hjá KR fyrir fleiri tímum.

Einnig viljum við nefna eldhús- og matsalaðstöðuna. Það er með mikilli útsjónarsemi og góðu skipulagi sem stjórnendur og starfsfólk skólans ná að láta mótuneytismálin ganga upp í dag. Stendur það þó tæpt miðað við fjölda í skólanum í dag. Hvernig mun það ganga ef nemendum fjölgar um 70 eða fleiri?

Og hvernig er með sérgreinastofnunar taka þær við auknum fjölda?

Frístund

Þetta atriði er stórmál. Verði tillagan samþykkt þarf Undraland að flytja úr Grandaskóla. Það væri slæmt mál. Hinsvegar er hvergi minnst á Undraland í tillögunni.

Við getum aðeins velt því fyrir okkur, hvert frístundaheimilið gæti flutt? Ef komið yrði fyrir fleiri skúrum á bílplaninu við Frostaskjól til að hýsa frístundastarf fyrir börn í 1.-2. bekk, er ljóst að ekkert leiksvæði er fyrir börnin þar. Það kemur því varla til greina.

Önnur atriði

Við viljum taka undir atriði sem foreldrafélag Melaskóla rökstyður vel í fyrri umsögn sinni, þ.e. áhrif á forsendur fjölskyldna við val á búsetu og óheppilegt að vera með svo miklar breytingar fyrirvaralaust því þetta skiptir miklu máli fyrir fólk.

Að lokum viljum við ítreka áhyggjur okkar af þessari breytingu. Skólastjóri Melaskóla minntist á það á íbúafundinum 19. janúar að ef þessi breyting yrði gerð, þ.e. skólahverfamörkin færð að fullu að Hofsvallagötu, myndi skólinn samt vera í þeirri stöðu að vera með fleiri nemendur en æskilegt væri. Með þessari breytingu batnar jú staða Melaskóla en verður samt ekki góð en staða Grandaskóla versnar hvað varðar það að skapa nemendum góða aðstöðu.

Ákvörðun hefur verið tekin í málinu og viljum við því skora á skóla- og frístundaráð að vera fullmeðvitað um þær neikvæðu afleiðingar sem þessi ákvörðun mun hafa á skólustarf Grandaskóla. Skólinn þarf að fá viðbótarstuðning til að bregðast við þessum neikvæðu afleiðingum sem við höfum talið upp hér að ofan. Að fundnar verði lausnir á málum þannig að afleiðingarnar verði jákvæðar fyrir nemendur og starfsfólk Grandaskóla.

Virðingarfyllt,

F.h. stjórnar Foreldrafélags Grandaskóla

Ingólfur Már Ingólfsson
Formaður

Netfang: foreldrafelag.grandaskola@gmail.com
Gsm: 695-1360

3.2.2017

Umsögn skólaráðs Melaskóla

um breytingar á skólahverfamörkum Melaskóla og Grandaskóla.

Vegna beiðni frá skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar, dags. 25. janúar 2017.

Tillaga:

Skólahverfamörk Melaskóla og Grandaskóla verði færð að Hofsvallagötu frá og með upphafi skólaársins 2017-2018 (sjá áframhald í meðfylgjandi fylgiskjali).

Umsögn skólaráðs:

Þessi fyrirhugaða breyting á skólahverfinu mun, ef marka má spár, valda því að nemendum í skólanum fækkar smám saman á næstu fjórum árum og væri sú þróun óneitanlega skólastarfinu í hag. Skólaráð Melaskóla leggst því ekki gegn þessari tillögu eins og staðan er nú í húsnæðismálum skólans en setur þó þann fyrirvara að breytingin verði endurskoðuð að fjórum árum liðnum.

Almennt er það skoðun skólaráðsins að best fari á því að foreldrar hafi val um hvaða skóla í Reykjavíkurborg börn þeirra sæki og hvetur til þess að annarra lausna verði leitað en að setja á strangar reglur um skólahverfi.

En jafnvel þó ráðist verði í tilfærslur á skólahverfamörkum, eins og þeirri sem hér um ræðir, með tilheyrandi fækkun nemenda, leysir það ekki húsnæðisvanda Melaskóla. Í fyrsta lagi er þarna um að ræða spá um fækkun á fjórum árum sem þýðir að framundan eru nokkur erfið ár í viðbót í þeim óboðlegu þrengslum sem nemendur og starfsfólk skólans hafa búið við undanfarin mörg ár. Þessi breyting ein og sér, dugar því ekki til. Í öðru lagi er húsnæðisvandi skólans einnig fólgin í óviðunandi aðstöðu fyrir bæði nemendur og starfsfólk. Ber þar fyrst að nefna mötuneyti og matsal skólans auk vinnuástöðu kennara. Sá vandi einn og sér kallar á nýja viðbyggingu við skólann.

Skólaráð Melaskóla lýsir yfir þungum áhyggjum af húsnæðismálum skólans. Brýnt er að fram fari sem fyrst vönduð úttekt og djúp greining á vandanum ásamt faglegu, ígrunduðu mati á mögulegum lausnum. Húsnæðisvandi Melaskóla er ekki nýtilkominn. Í skýrslu frá árinu 2002 þar sem lagt var mat á stöðu húsnæðismála í grunnskólum Reykjavíkur, kemur fram að húsnæði skólans muni ekki anna framtíðarþörf skólahverfisins, þegar nemendafjöldi hefur náð jafnvægi¹. Þá var sett fram það álit, þremur árum eftir að nýbygging skólans hafði verið tekin í notkun, að til að geta tekið á móti þeim aukna nemendafjölda sem búist var við, þyrfti enn að byggja við skólann og fram að því yrði að taka í notkun allt að fjórar útistofur (Grunnskólar Reykjavíkur Rýmisathugun 2002, bls. 23).

¹ Grunnskólar Reykjavíkur Rýmisathugun 2002

http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/grunnskolar_reykjavikur_ymisathugun2002.pdf

Þegar umrædd skýrsla var unnin var Frístundaheimilið Selið ekki í Melaskóla, eftir því sem næst verður komist. Flutningur Selsins yfir í húsnæði skólans, bæði í skólabýggingarnar og í útistofurnar fjórar á skólalóðinni, var veigamikil breyting á áætlunum borgarinnar um húsnæðismál Melaskóla, eins og þær birtast í skýrslunni frá 2002 og hefði þurft að endurskoða þegar nemendum skólans fjölgaði á nýjan leik.

Skólaráð Melaskóla leggur því til að starfsemi Frístundaheimilisins Selsins verði færð annað og skólinn fái afnot af útistofunum til bráðabirgða þangað til framtíðarlausn finnist á húsnæðisvandanum. Til viðbótar fer ráðið fram á að einni útistofu verði bætt við og að eldri stofurnar verði endurnýjaðar.

Melaskóli hefur í 70 ár verið í fararbroddi í skólastarfi á Íslandi og þar hafa kennarar sóst eftir að starfa enda stöðugleiki verið mikill í starfsmannahaldi. Þá nýtur skólinn mikillar virðingar þúsunda fyrrverandi nemenda skólans sem dvöldu þar við nám og leik stóran hluta æsku sinnar. Nú er raunveruleg hættu á því að hið góða orðspor skólans láti á sjá og kennarar velji frekar að starfa í þeim skólum borgarinnar sem af einhverjum ástæðum búa við margfalt betri aðbúnað og húsnæði. Skólaráðið lýsir því hér með yfir að, ef ekki verði gerðar nauðsynlegar ráðstafanir í tíma, sé hættu á því að skólastarf fari ekki af stað með eðlilegum hætti haustið 2017.

Skólaráð Melaskóla

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar
B.t. Helga Grímssonar, sviðsstjóra
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 14. janúar 2017

Efni: Umsögn v/endurskoðunar um skólahverfi og innritun

Ágæti Helgi,

Við í stjórn Foreldrafélags Grandaskóla tókum fyrir á stjórnarfundum nú í vikunni bréf ykkar dagsett 19. desember 2016 varðandi endurskoðun reglna um skólahverfi og innritun í grunnskóla Reykjavíkurborgar. Við höfum engar athugasemdir við breytingar á innritunarreglunum. Varðandi breytinguna á skólamörkunum á milli Grandaskóla og Melaskóla þá fögnum við þeim. Þetta er breyting sem við í Grandaskóla bentum fyrst á fyrir sennilegast að verða 6-7 árum og hefðum viljað sjá gerast fyrir. Við teljum þetta til góða fyrir skólann þótt fjölgunin verði væntanlega ekki mikil. Kannski hefði mátt stækka skólahverfi Grandaskóla meira. Skólinn getur tekið við fleiri nemendum en hversu mörgum gerum við okkur ekki almennilega grein fyrir. Við skiljum að þið viljið stíga varlega til jarðar þar sem óvissuþátturinn er hversu margir nemendur komi í skólann úr húsnæði sem nú er verið að byggja eða stendur til að byggja í skólahverfinu.

Við myndum telja eðlilegt að skóla- og frístundasvið verði áfram vakandi fyrir frekari breytingum á komandi árum. Færsla á skólamörkum að eða nær Hofsvallagötu væri mun betri kostur en að fara að keyra nemendur úr Skerjafirði í Grandaskóla. Sá möguleiki finnst okkur alveg fráleitur. Við gerum börnum í Skerjafirði engan greiða með því að fjarlægð þeirra frá skóla verði enn meiri en hún er í dag.

Að lokum viljum við þakka fyrir að fá að gefa umsögn í þessu máli.

Virðingarfyllt,

F.h. stjórnar Foreldrafélags Grandaskóla

Ingólfur Már Ingólfsson
Formaður

Netfang: foreldrafelag.grandaskola@gmail.com
Gsm: 695-1360

Reykjavíkurborg,
Skóla- og frístundasvið,
b.t. Helga Grímssonar,
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík.

Reykjavík, 14. janúar 2017

Efni: Umsögn Foreldrafélags Melaskóla vegna tillögu um færslu skólahverfismarka milli Grandaskóla og Melaskóla

Ég vísa til bréfs skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, dags. 19. desember sl. Með því var óskað eftir umsögn Foreldrafélags Melaskóla (Formel) um tillögur starfshóps er varða endurskoðun reglna um skólahverfi og innritun í grunnskóla Reykjavíkur og hugmyndir um breytingar á skólahverfismörkum Melaskóla og Grandaskóla.

Í tillögu starfshópsins er lagt til að skólahverfamörk Grandaskóla og Melaskóla verði færð þannig að Meistaravelli tilheyri Grandaskóla fyrir nýja nemendur haustið 2017.

Stjórn Formel gerir í sjálfu sér ekki athugasemdir við tillögu um að framangreind breyting verði gerð á skólahverfismörkum milli Grandaskóla og Melaskóla. Að mörgu leyti má segja að byggð við Meistaravelli standi Grandaskóla nær en Melaskóla hvað varðar fjarlægð og aðgengi að skólanum og fyrir liggur að alltof margir nemendur eru við nám í Melaskóla nú þegar.

Stjórnin bendir hins vegar á að breytingar á skólahverfismörkum er eitthvað sem þarf að eiga sér nokkurn aðdraganda. Augljóst er að staðsetning húsnæðis m.t.t. skólahverfismarkna er atriði sem getur haft þýðingu þegar fjölskyldur velja sér búsetu. Eðlilegt væri því að breyting af þessu tagi væri gerð með ríflegum aðdraganda, t.d. 3 - 5 árum. Í öllu falli má telja óheppilegt að umrædd breyting verði ákveðin nú þannig að gildi taki við innritun næsta haust en sú innritun mun hefjast innan fárra daga. Þá er það einnig afstaða stjórnar Formel að breytingar á skólahverfismörkum komi almennt séð varla til álita nema með löngu millibili, eftir atvikum á grundvelli langtímaþróunar á byggð innan viðkomandi hverfa.

Þá bendir stjórnin á, af gefnu tilefni, að nemendafjöldi í Melaskóla er nú langt umfram það rými sem skólinn ræður yfir og hefur svo staðið um árábil. Algert ófremdarástand er í húsnæðismálum skólans að þessu leyti. Opinn fundur skólaráðs Melaskóla, sem haldinn var í desember síðastliðnum, ályktaði um það neyðarástand sem fyrir hendi er og skoraði á Reykjavíkurborg að hefja þegar vinnu við framkvæmdir við skólann sem kæmu til móts við vandann. Stjórn Formel tekur undir ályktun þessa og gerir hana að sinni.

Í þessu samhengi er ljóst að tillaga starfshópsins sem hér er gefinn umsögn um er sögð fela í sér að 30 börn muni þegar fram líða stundir færast frá Melaskóla yfir í Grandaskóla. Eftir því sem stjórnin kemst næst eru nú þegar hluti umræddra 30 barna nemendur í Grandaskóla auk þess sem breytingunni er eðlilega ekki ætlað að ná til nemenda sem þegar hafa hafið nám við Melaskóla. Áhrif þessarar tillögu á nemendafjölda og aðstöðuvanda Melaskóla, hvort heldur horft er til lengri eða skemmri tíma, eru því lítil sem engin.


Þá kemur einnig fram í skýrslu starfshópsins að Grandaskóli geti ekki tekið við mikið fleiri nemendum frá Melaskóla en sem nemur þeirri tillögu sem gerð er. Í því felst staðfesting á því að tilfærslur innan hverfisins á nemendum frá einum skóla til annars geta ekki falið í sér neins konar viðunandi lausn á þeim vanda sem Melaskóli stendur frammi fyrir. Hvað varðar nemendur sem búa í Skerjafirði telur stjórn Formel það ekki ásættanlegt að þau börn verði flutt yfir í Grandaskóla auk þess sem Grandaskóli getur ekki tekið við þeim börnum. Í greinargerð starfshópsins kemur fram að þegar byggð verði komin af stað í Vatnsmýri megi gera ráð fyrir að þar verði grunnskóli sem nemendur í Skerjafirði muni sækja. Stjórn Formel bendir á að alger óvissa ríkir enn um þróun byggðar í Vatnsmýri og nú síðast hefur nýskipaður samgöngumálaráðherra lýst yfir þeirri skoðun sinni að framtíðarstaðsetning innanlandsflugs skuli vera í Vatnsmýri.

Af þessu blasir við að nú þegar þarf að taka ákvörðun um lausnir á húsnæðis- og aðstöðuvanda Melaskóla, bæði til lengri og skemmri tíma. Í því samhengi skiptir í raun ekki máli hvort mannfjöldaspár fyrir skólahverfi Melaskóla gera ráð fyrir að nemendur verði tæplega eða rúmlega 600 (samkvæmt gildandi spám er gert ráð fyrir að nemendur verði 628 árið 2021). Jafnvel þótt nemendum við Melaskóla fækkaði í 500 til 550 nemendur (sem ekkert bendir til að muni gerast á næstu árum eða áratugum) þyrfti að ráðast í róttækar aðgerðir til að aðstaða nemenda og kennara við skólann verði ásættanleg, miðað við allar þær skyldur sem skólanum er ætlað að uppfylla og nútímakröfur til kennslu og skólahalds.

Nemendafjöldi í Melaskóla í dag er 652 börn og gert er ráð fyrir 675 nemendum við skólann árið 2017! Stjórn Foreldrafélags Melaskóla skorar á Reykjavíkurborg að bregðast án tafar við ályktun opins fundar skólaráðs Melaskóla frá desember sl. og leysa, í samráði við stjórnendur skólans, starfsmenn, foreldra og íbúa innan skólahverfisins, þann neyðarvanda sem skólinn býr við. Fyrirsjáanlega þarf sú lausn að taka gildi alls ekki síðar en frá og með upphafi næsta skólaárs, til bráðabirgða, en varanlega frá fyrsta mögulega tímamarki þar á eftir.

Virðingarfyllst,

f.h. stjórnar Foreldrafélags Melaskóla


Heimir Örn Herbertsson, formaður

Afrit sent: Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri, Ráðhúsi Reykjavíkur.



Reykjavík 10.janúar 2017

Sviðsstjóri Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur
Helgi Grímsson
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Efni: Umsögn skólaráðs Grandaskóla um endurskoðun reglna um skólahverfi og innritun í grunnskóla Reykjavíkurborgar.


Á fundi sínum 10.janúar 2017 tók skólaráð Grandaskóla til umræðu erindi frá sviðsstjóra Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur um endurskoðun reglna um skólahverfi og innritun í grunnskóla.

Skólaráð tekur undir tillögu starfshóps þar sem lagt er til að Meistaravellir verði hluti af skólahverfi Grandaskóla frá hausti 2017. Þeir nemendur sem eiga að hefja skólagöngu í 1.bekk gangi þá til skóla í Grandaskóla þannig að full virkni þessara breytinga taki næstu sjö ár.

Jafnframt vill skólaráð Grandaskóla leggja til að skoðað verði hvort Sörlaskjól og Faxaskjól verði ekki hluti af skólahverfi Grandaskóla. Í dag er Sörlaskjól skipt milli Grandaskóla og Melaskóla.

Varðandi þær breytingar sem lagðar eru til um reglur á innritun nemenda í skóla vill skólaráð benda á að reglugerðasmíðir Skóla- og frístundasviðs gæti sín á þeirri reglugerðar verðbólgu sem sýnilega kemur fram í því skjali sem lagt er fram. Þess utan er skólaráð Grandaskóla samþykkt þeim breytingum sem þar eru lagðar fram.

Virðingarfyllt



Fyrir hönd skólaráðs Grandaskóla
Örn Halldórsson
skólastjóri

12.1.2017

Umsögn skólaráðs Melaskóla

um endurskoðun reglna um skólahverfi er varðar tillögu og hugmyndir um breytingar á skólahverfismörkum Melaskóla og Grandaskóla

Tillaga:

Skólamörk Melaskóla verði dregin um Meistaravelli sem þá tilheyra Grandaskóla, frá hausti 2017. Nýir nemendur af þessu svæði færu þá í Grandaskóla en breytingin nái ekki yfir nemendur sem nú þegar eru í Melaskóla.

Umsögn skólaráðs:

Skólaráð Melaskóla telur þessa breytingu lítil áhrif hafa á núverandi nemendafjölda í skólanum. Eins og er, koma um 15 nemendur þaðan í Melaskóla og aðrir 15 úr sömu götu ganga í Grandaskóla. Á hinn bóginn hefði þessi breyting jákvæð áhrif til einföldunar á skólahverfamörkunum þar sem öll gatan Meistaravellir tilheyrði þá Grandaskóla. Núverandi skipting hefur stundum skapað óánægju þar sem foreldrar hafa staðið í þeirri trú barn/börn þeirra tilheyrðu Melaskóla.

Skólaráðið leggst því ekki gegn þessari tillögu.

Skólaráðið tekur ekki afstöðu til tveggja annarra hugmynda sem reifaðar eru í minnisblaði sem fylgir erindi skóla- og frístundaráðs, um annars vegar að færa mörkin að Hofsvallagötu og hins vegar að færa Skerjafjörð undir Grandaskóla.

Að lokum leggur skólaráð Melaskóla áherslu á að húsnæðisvandi skólans er aðkallandi og brýnt að leysa úr honum með sómasamlegum hætti sem fyrst. Skólaráð tekur undir ályktun opins fundar sem ráðið hélt með aðilum skólasamfélagsins í nóvember sl. um að gerð verði hið fyrsta vönduð úttekt á húsnæðisvanda skólans og í framhaldi gerð áætlun um úrbætur, annars vegar til að leysa til skamms tíma úr bráðavanda og hins vegar lausnir til lengri tíma.

Skólaráð Melaskóla

Reykjavík 27. janúar 2017

Til foreldra leikskólabarna er málið varðar


Efni: Vegna tillögu um breytingu á skólahverfamörkum á milli Melaskóla og Grandaskóla, sjónarmið íbúa.

Með þessu bréfi vill skóla- og frístundasvið kynna tillögu er varðar breytingar á skólahverfamörkum á milli Melaskóla og Grandaskóla en málið er til umfjöllunar í skóla- og frístundaráði Reykjavíkur. Tillagan varðar fjölskyldur verðandi grunnskólanemenda í skólunum og þá helst fjölskyldur sem búa á mörkum skólahverfanna.

Starfshópur á vegum skóla- og frístundasviðs hefur skoðað skólahverfamörk í Reykjavík, meðal annars á milli Melaskóla og Grandaskóla. Ástæða þess er sú að vegna fjölda nemenda í Melaskóla eru þar mikil þrengsli en Grandaskóli getur tekið við fleiri nemendum. Skóla- og frístundaráð fjallaði á fundi sínum 14. desember sl. um málið. Óskað var eftir umsögnum frá skólaráðum og stjórnnum foreldrafélaga Grandaskóla og Melaskóla og hverfisráði Vesturbæjar um tillögu og hugmyndir um breytingar á skólahverfamörkum á milli Melaskóla og Grandaskóla. Haldinn var íbúafundur í Grandaskóla 19. janúar sl. þar sem málið var kynnt. Sjá meðfylgjandi kynningu með nánari upplýsingum.


Skóla- og frístundaráð fjallaði á nýjan leik um málið á fundi sínum 25. janúar sl. og þá var lögð fram eftirfarandi tillaga sem er nánari útfærsla á einni hugmynd starfshópsins.

Skóla- og frístundaráð samþykkir að skólahverfamörk Grandaskóla og Melaskóla verði færð að Hofsvallagötu frá og með upphafi skólaársins 2017 - 2018. Samþykkt er að foreldrar sem eiga lögheimili í götum sem færast á milli skólahverfa við breytinguna hafi val um í hvorn skólann börn þeirra fari og forgang í báða skólana út skólaárið 2019 - 2020. Breytingin hafi ekki áhrif á þá nemendur sem nú sækja Melaskóla og Grandaskóla.



Tillagan var send til umsagnar hjá skólaráðum og stjórnnum foreldrafélaga Grandaskóla og Melaskóla og hverfisráði Vesturbæjar. Með bréfi þessu er foreldrum sem málið varðar gefinn kostur á að gefa álit á tillögunni. Óskað er eftir að það berist skóla- og frístundasviði eigi síðar en um hádegi föstudaginn 3. febrúar 2017, á netfangið anna.gardarsdottir@reykjavik.is.

Virðingarfyllst



Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Meðfylgjandi er tillagan með greinargerð og kynning frá fundi í Grandaskóla 19. janúar 2017.

Tillaga og greinargerð um breytingu á skólahverfamörkum Granda- og Melaskóla.

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúa Pírata um endurskoðun fyrirkomulags skólahverfa og innritun nemenda í grunnskóla:

Skóla- og frístundaráð samþykkir að skólahverfamörk Grandaskóla og Melaskóla verði færð að Hofsvallagötu frá og með upphafi skólaársins 2017 - 2018. Samþykkt er að foreldrar sem eiga lögheimili í götum sem færast á milli skólahverfa við breytinguna hafi val um í hvorn skólann börn þeirra fari og forgang í báða skólana út skólaárið 2019 - 2020. Breytingin hafi ekki áhrif á þá nemendur sem nú sækja Melaskóla og Grandaskóla.

Greinargerð:

Á 110. fundi skóla- og frístundaráðs þann 14. des. 2016 var fjallað um endurskoðun reglna um skólahverfi, m.a. um skólahverfamörk á milli Melaskóla og Grandaskóla. Á fundinum var samþykkt að leita umsagnar hverfisráðs Vesturbæjar og stjórna foreldrafélaga og skólaráða Melaskóla og Grandaskóla á tillögum og hugmyndum starfshóps um endurskoðun reglna um skólahverfi og innritun í grunnskóla Reykjavíkurborgar. Jafnframt var óskað eftir því við hverfisráðið að það boðaði til fundar þar sem fjölskyldum væntanlegra grunnskólabarna í skólahverfunum yrðu kynntar tillögur og hugmyndir starfshópsins um málið.

Í umsögn skólaráðs Grandaskóla, dags. 10. jan 2017, er tekið undir tillögu starfshóps þar sem lagt er til að Meistaravellir verði hluti af skólahverfi Grandaskóla frá hausti 2017. Ekki er fjallað um hugmyndina um að færa skólamörkin að Hofsvallagötu en lagt er til að skoðað verði hvort Sörlaskjól og Faxaskjól verði hluti af skólahverfi Grandaskóla.

Í umsögn stjórnar foreldrafélags Grandaskóla, dags. 14. jan. 2017, kemur fram að stjórnin telji til góða fyrir skólann að færa skólahverfamörk þannig að Meistaravellirnir tilheyri Grandaskóla. Stjórnin telur að skólinn geti tekið við fleiri nemendum þó ný byggð í hverfinu sé óvissuþáttur og að færsla á skólahverfamörkum að eða nær Hofsvallagötu væri mun betri kostur en að keyra nemendur úr Skerjafirði í Grandaskóla.

Í umsögn skólaráðs Melaskóla, dags. 12. jan. 2017, kemur fram að skólaráðið leggist ekki gegn tillögunni að færa skólahverfamörkin þannig að öll gatan Meistaravellir tilheyri Grandaskóla. Skólaráðið telur breytinguna lítil áhrif hafa á núverandi nemendafjölda í skólanum. Skólaráðið tekur ekki afstöðu til hugmyndarinnar um að færa mörkin að Hofsvallagötu. Skólaráðið leggur áherslu á að húsnæðisvandi skólans sé aðkallandi og brýnt að leysa úr honum sem fyrst.

Í umsögn foreldrafélags Melaskóla, dags 14. janúar 2017, kemur fram að foreldrafélagið gerir ekki athugasemdir við tillögu starfshóps um að Meistaravellir tilheyri Grandaskóla fyrir nýja nemendur haustið 2017. Fram kemur að byggð við Meistaravelli standi Grandaskóla nær en Melaskóla hvað varðar fjarlægð og aðgengið að skólanum. Bent er á að breytingar á skólahverfismörkum þurfi að eiga sér nokkurn aðdraganda því það atriði getur haft þýðingu þegar fjölskyldur velja sér búsetu. Eðlilegt væri því að breyting af þessu tagi væri gerð með ríflegum aðdraganda, t.d. 3-5 árum. Fram kemur að óheppilegt sé að umrædd breyting verði ákveðin núna og taki gildi við innritun næsta haust. Fram kemur sú afstaða stjórnar að breytingar á skólahverfismörkum komi almennt séð varla til álita nema með löngu millibili eftir atvikum á grundvelli langtímaþróunar á byggð innan viðkomandi hverfa. Í umsögninni er

jafnframt lögð mikil áhersla á að tekið verði á miklum húsnæðisvanda Melaskóla sem allra fyrst.

Fimmtudaginn 19. jan. 2017 var haldinn íbúafundur í Grandaskóla um skólahverfamörk Melaskóla og Grandaskóla. Þar kynnti sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs forsendur endurskoðunar skólahverfamarkanna og þær hugmyndir og tillögu sem voru til skoðunar. Í framhaldi voru umræður og fyrirspurnir.

Nemendaspár og stærð skóla

Í janúar 2017 eru 647 nemendur í Melaskóla en 318 í Grandaskóla. Samkvæmt nemendaspá er gert ráð fyrir áframhaldandi fjölgun í Melaskóla til ársins 2021 en þá fari nemendum eitthvað að fækka. Í Grandaskóla er hinsvegar spáð lítillægri fækkun til ársins 2021. Með öðrum orðum gerir nemendaspá ráð fyrir að munur á milli skólanna hvað nemendafjölda varðar, aukist enn meir á komandi árum, þ.e. allavegna til ársins 2021.

Skólabygging Melaskóla er 5322 fermetrar en skólabygging Grandaskóla er 4089 fermetrar. Í hönnun nýrra skólabygginga er miðað við um 11 fermetra per barn en auðvitað skiptir skipulag húsnæðis líka máli, nýting þess og hönnunarforsendur á byggingartíma. Miðað við núverandi stöðu eru 8,2 fermetrar per barn í Melaskóla en 12,9 í Grandaskóla.

Helstu ástæður þess að svona mikið fleiri nemendur eru í Melaskóla en Grandaskóla er sú að meira en tvöfalt fleiri íbúðir eru í skólahverfi Melaskóla miðað við skólahverfi Grandaskóla. Í ársbyrjun 2017 eru skv. borgarvefsjá næstum 4000 íbúðir í skólahverfi Melaskóla en innan við 2000 íbúðir í skólahverfi Grandaskóla. Yfir 700 börn á þeim aldri sem núna eru í 1. – 7. bekk búa í skólahverfi Melaskóla en innan við 400 börn á sama aldri búa í skólahverfi Grandaskóla. Það eykur svo enn muninn á milli skólanna tveggja hvað nemendafjölda varðar að fleiri nemendur úr skólahverfi Grandaskóla sækja nám í Melaskóla heldur en öfugt. Í janúar 2017 sækja 45 nemendur úr skólahverfi Grandaskóla nám í Melaskóla en 29 nemendur úr skólahverfi Melaskóla sækja nám í Grandaskóla. Munurinn er því 16 nemendur.

Með því að færa skólahverfamörk á milli skólanna frá því sem nú er og að Hofsvallagötu myndu um 700 íbúðir færast úr skólahverfi Melaskóla yfir í skólahverfi Grandaskóla. Þá yrðu eftir um 3300 íbúðir í Melaskólahverfinu en íbúðir í Grandaskólahverfinu væru komnar í um 2600. Nemendaspá miðað við að þessi færsla tæki gildi haustið 2017, má sjá í töflu 1. Þar sést að haustið 2021 gæti umrædd breyting hafi skilað 70 nemenda sveiflu á milli skólanna, í stað 304 nemenda í Grandaskóla væru þeir orðnir 374 og í stað 628 nemenda í Melaskóla gætu þeir verið farnir niður í 558. Fermetrafjöldinn á nemanda í Melaskóla yrði þá komin úr 8,2 fermetrum í 9,5. Í spánni er áfram gert ráð fyrir sömu skilum í skólana báða og er í dag, þ.e. að aðeins fleiri nemendur í skólahverfi Grandaskóla velji Melaskóla heldur en öfugt. Þá er mikilvægt að hafa í huga að tölvuverður fjöldi nemenda úr báðum skólahverfum sækir nám í sjálfstætt starfandi skólum og myndi væntanlega gera áfram þrátt fyrir breytt skólahverfamörk.

	2017	2018	2019	2020	2021
Grandaskóli	319	312	317	303	304
<i>Grandaskóli breyting</i>	<i>335</i>	<i>341</i>	<i>359</i>	<i>360</i>	<i>374</i>
Melaskóli	675	665	665	660	628
<i>Melaskóli breyting</i>	<i>659</i>	<i>636</i>	<i>634</i>	<i>603</i>	<i>558</i>

Möguleg áhrif nýbygginga

Samkvæmt upplýsingum frá umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar eru þær nýbyggingar sem búið er að reisa eða á að reisa í skólahverfi Grandaskóla samtals 220 og skiptast á tvö svæði, svokallaðan Lýsisreit og á Keilugranda. Í nemendaspám hér fyrir ofan er ekki gert ráð fyrir nýbyggingum þar sem reynslan af slíkum nýbyggingum miðsvæðis í Reykjavík er sú að lítið er um barnafjölskyldur með grunnskólabörn í þeim byggingum. Miðað er við að umrædd tvö svæði verði fullbyggð veturinn 2021-2022. Í hverfi Grandaskóla eru í dag u.þ.b. 0,22 börn á aldrinum 6-12 ára á íbúð. Þar sem um er að ræða nýbyggingar á þessu svæði sýnir reynslar að gera má ráð fyrir um það bil helmingi lægra hlutfalli nemenda per íbúð. Út frá þessu og þeim skilum sem í dag eru í Grandaskóla má áætla að um 25 nemendur úr þessum íbúðum verði komnir í Grandaskóla haustið 2021. Það myndi þýða að haustið 2021, þegar einnig er tekið tillit til breytinga á skólahverfamörkum þannig að þau verði við Hofsvallagötu, væru nemendur í Grandaskóla orðnir 399 eins og sjá má í töflu 2.

Ár	2017	2018	2019	2020	2021
<i>Fjöldi</i>	337	345	364	376	399

Miðað við 399 nemendur í Grandaskóla haustið 2021 og stærð skólabyggingarinnar yrðu þá 10,3 fm. per barn sem er lítillega undir þeim 11 fm. per barn sem er æskilegt að miða við. Ofangreind tillaga gerir ráð fyrir að þegar skólahverfamörk Grandaskóla og Melaskóla verði færð að Hofsvallagötu hafi börn sem búa við götur sem færast á milli skólahverfa við breytinguna val um það í hvorn skólann þau ganga og forgang í hvorn skólann sem þau kjósa út skólaárið 2020.



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 12. desember 2016

SFS2016120053

110. fundur / fskj. 1/5

HG

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Endurskoðun reglna um skólahverfi og innritun í grunnskóla Reykjavíkurborgar

Á fundi skóla- og frístundaráðs 4. febrúar 2015 var samþykkt eftirfarandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúa Pírata um endurskoðun fyrirkomulags skólahverfa og innritun nemenda í grunnskóla:

Skóla- og frístundaráð felur sviðsstjóra að setja af stað starfshóp sem hefur það hlutverk að endurskoða reglur frá 2005 um skólahverfi og innritun í grunnskóla Reykjavíkur. Starfshópurinn rýni mörk skólahverfa með sérstöku tilliti til samþykks aðal- og hverfaskipulags borgarinnar, þéttingu byggðar, sameiningu skóla og samgangna milli hverfa. Starfshópurinn komi með rökstuddar breytingartillögur ef þurfa þykir til skóla- og frístundaráðs fyrir 1. nóvember 2015. Miðað er við að mögulegar breytingar taki gildi fyrir innritun í grunnskóla skólaárið 2016-2017.

Í starfshópnum sátu sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs, skrifstofustjóri grunnskólaskrifstofu, deildarstjóri og sérfræðingur frá tölfræði- og rannsóknþjónustu. Ákveðið var að leita til skólaráða allra grunnskóla í Reykjavík og fá álit þeirra á skólahverfamörkum og var fyrirspurn til þeirra send í október 2015. Eftirfarandi spurningar voru lagðar fyrir skólaráðin:

- *Hverjir eru kostir og gallar núverandi skólahverfismarkaða gagnvart ykkar skóla?*
- *Sjáið þið ástæðu til þess að breyta skólahverfismörkum vegna þéttingu byggðar eða vegna einhverra annarra þátta í núgildandi fyrirkomulagi?*
 - *Ef breytinga er þörf: Hvaða breytingar mynduð þið vilja sjá?*
- *Almennar athugasemdir um skólahverfamörk sem skólaráð vill koma á framfæri.*

Eftirfarandi gögn og upplýsingar er snúa að skólunum og skólahverfunum fylgdu með til skólaráðanna:

- *Staðtölur um skólahverfið og Reykjavík, s.s. skil í skóla af barnafjölda í hverfi.*
- *Skipting gatna í skólahverfi í Reykjavík.*
- *Minnisblað um þéttingu byggðar í Reykjavík og nemendaspár til 2020*
- *Núgildandi reglur um skólahverfi og innritun í grunnskóla Reykjavíkur*

Skilafrestur var gefinn til 1. janúar 2016 en síðasta skólaráð skilaði svari í lok febrúar 2016. Af 32 skólaráðum lögðu 7 þeirra til breytingar á skólahverfismörkum.

Í kjölfarið voru eftirfarandi skólahverfi skoðuð nánar af tölfræði- og rannsóknþjónustu, þ.e. hvaða áhrif tilfærslur á skólahverfamörkum hefðu á nemendafjölda.

Skil milli Grandaskóla og Melaskóla

Eins og sjá má í töflu 1 hefur nemendafjöldi í Melaskóla á árunum 2013-2016 verið rúmlega tvöfalt meiri en nemendafjöldi Grandaskóla. Ný nemendaspá gerir ráð fyrir svipuðu mynstri á næstu fimm árum en einnig að nemendum beggja skóla fækki um og eftir 2020. Í þessum tölum er hinsvegar ekki gert ráð fyrir þéttingu byggðar í Grandaskóla sem mögulega mun auka nemendafjöldann í því skólahverfi um 30-40 nemendur.

Tafla 1. Nemendafjöldi – og spá í Grandaskóla og Melaskóla 2013-2021.

	Nemendafjöldi frá 2013				Spá gerð 1.október 2016				
	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021
Grandaskóli	282	292	299	313	319	312	317	303	304
Melaskóli	605	622	655	652	675	665	665	660	628

Í svörum skólaráða Grandaskóla og Melaskóla var í báðum tilvikum vilji til breytinga á skólahverfismörkum vegna nemendafjölda. Í svari skólaráðs Grandaskóla sagði að gera mætti ráð fyrir að þétting byggðar í skólahverfi skólans muni hafa í för með sér einhverja fjölgun nemenda í Grandaskóla. Húsnæði skólans ráði hinsvegar við enn meiri fjölgun og lagði skólaráðið því til að færa skólahverfamörkin að Hofsvallagötu til að létta á nemendafjölda Melaskóla¹.

Skólaráð Melaskóla nefndi að mögulegt væri að skoða að nemendur í Skerjafirði myndu sækja Grandaskóla eða Vesturbæjarskóla þar sem þessir nemendur njóta þegar skólaaksturs og lítill munur á akstursvegalengd í þá skóla miðað við Melaskóla.


Þar fyrir utan skoðaði tölfræði- og rannsóknþjónusta áhrif af færslu markanna þannig að Meistaravellir tilheyri Grandaskóla.

¹ Þess er sérstaklega getið í svari skólaráðs Grandaskóla er svarið taki til lögbundins skólastarfs og getu skólahúsnæðisins til að taka við auknum nemendafjölda. Sú fjölgun kunnir hinsvegar að þrengja að starfsemi frístundaheimilisins og gæti þýtt að sú starfsemi gæti ekki lengur verið inni í skólabyggingunni.

Tafla 2 sýnir fjölda barna á grunnskólaaldri í skólahverfum Grandaskóla og Melaskóla² og einnig í þeim götum og hverfum sem breytingarnar hér að ofan næðu til. Á mynd 1 má sjá umræddar breytingar á skólahverfismörkunum ásamt nemendafjöldatölum úr töflu 2. Þarna sést að mun fleiri börn búa í skólahverfi Melaskóla miðað við hverfi Grandaskóla enda íbúðir um 2.000 fleiri. Af þeim þremur breytingum sem hér eru reifaðar myndi færsla markanna að Hofsvallagötu vera sú breyting sem myndi mestu breyta til að jafna nemendafjöldann í skólunum tveimur en færslan er varðar Meistaravelli breyta minnstu. Einnig mætti hugsa sér að saman yrðu Meistaravellir og Skerjafjörður hluti af skólahverfi Grandaskóla.

Tafla 2. Fjöldi barna í 1.-7. bekk með lögheimili og fjöldi íbúða í hverfi Grandaskóla og Melaskóla 2016.

	Börn	Íbúðir
Lögheimili í Grandaskólahverfi	389	1.925
Lögheimili í Melaskólahverfi	706	3.988
Skerjafjörður	80	256
Skólahverfamörk færð að	130	696
Hofsvallagötu		
Meistaravellir	30	166



Tillaga starfshópsins: Skólahverfamörk Grandaskóla og Melaskóla yrðu færð þannig að Meistaravellir myndu tilheyra Grandaskóla fyrir nýja nemendur frá hausti 2017. Breytingin nái ekki til nemenda sem búa við þessar götur og hafa þegar hafið skólagöngu, þeir nemendur geti

² Um er að ræða börn í 1. – 7. bekk sem eru þeir árgangar sem stunda nám í Grandaskóla og Melaskóla.

lokið henni þar sem þeir eru í dag. Ef mörkin væru færð að Hofsvallagötu gæti orðið of mikil nemendafjölgun fyrir Grandaskóla þar sem það þarf að gera ráð fyrir að þétting byggðar á næstu árum hafi einhver áhrif á skólann. Þegar byggð verður komin af stað í Vatnsmýri má gera ráð fyrir að þar yrði grunnskóli sem nemendur í Skerjafirði myndu sækja.

Skil milli Ingunnarskóla og Sæmundarskóla

Tafla 3 sýnir að árið 2013 var nemendafjöldi í Ingunnarskóla og Sæmundarskóla sá sami. Síðan þá hefur hinsvegar fækkað í Ingunnarskóla en fjölgað í Sæmundarskóla og haustið 2016 er 61 nemanda fleira í Sæmundarskóla. Þessi þróun mun að öllum líkindum halda áfram næstu árin og gæti Sæmundarskóli verið með 200 fleiri nemendur en Ingunnarskóli eftir 5 ár. Í skólahverfi Ingunnarskóla eru nú 917 íbúðir og í skólahverfi Sæmundarskóla eru 1.143 íbúðir með Reynisvatnsás en gera má ráð fyrir að sú tala fari upp í 1.220 þegar Reynisvatnsás verður fullbyggður.


Skólaráð Ingunnarskóla lagði til að Klausturstígur, Kapellustígur, sá hluti Þorláksgesla sem tilheyrir Sæmundarskóla (oddatölur) og Gvendargeisli 2-12 yrði fært undir Ingunnarskóla til að jafna nemendafjölda og búa til hagkvæmar skólastærðir fyrir báða skóla. Í Sæmundarskóla eru nemendur nú fleiri en skólabyggingin gerir ráð fyrir og nemendaspá sýnir að töluvert er í að þar dragi úr fjölgun.

Tafla 3. Nemendafjöldi – og spá í Ingunnarskóla og Sæmundarskóla 2013-2021.

	Nemendafjöldi frá 2013				Spá gerð 1.október 2016				
	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021
Ingunnarskóli	446	428	415	406	386	382	376	357	332
Sæmundarskóli	446	461	465	467	472	520	531	543	539

Tafla 4. Fjöldi barna í 1.-10. bekk með lögheimili og fjöldi íbúða í hverfi Ingunnarskóla og Sæmundarskóla 2016.

	Bör n	Íbúðir
Lögheimili í Ingunnarskólahverfi	426	917
Lögheimili í Sæmundarskólahverfi	471	1.143
Þorláksgesli – oddatölur	92	180
Gvendargeisli 2-12	19	18
Kapellustígur/Klausturstígur (námsmannaíbúðir)	5	200



Tillaga starfshópsins: Setja af stað sameiginlegan hóp skólastjórnenda og skólaráða beggja skóla á vorönn 2017 þar sem farið verður nánar yfir leiðir til þess að jafna nemendafjölda hverfanna og nýta skólahúsnæði í hverfinu sem best.

Skil milli Langholtsskóla og Vogaskóla

Skólaráð beggja skóla lýstu yfir áhuga á að breyta skólahverfamörkum þar sem Vogaskóli, eins og staðan er núna, getur rúmað fleiri nemendur, en Langholtsskóli er aðþrengdur með rými.


Niðurstaða: Skoðað var að færa mörkin milli skólahverfanna tveggja að Glaðheimum. Þetta þýðir að Álheimar 56-72 og 31-35, Glaðheimar og Sólheimar 25 flytjast úr hverfi Langholtsskóla yfir í hverfi Vogaskóla. Þessar tilfærslur yrðu í raun endurgerð á skólamörkum eins og þau voru áður í þessu hverfi. Þar sem litlar breytingar yrðu vegna þess hve fá börn búa við þessar götur var einnig skoðað að bæta við Hlunnavogi og Siglúvogi sem nú fara í Langholtsskóla.

Tafla 5. Nemendafjöldi – og spá í Langholtsskóla og Vogaskóla 2013-2021.

	Nemendafjöldi frá 2013				Spá gerð 1.október 2016				
	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021
Langholtsskóli	593	609	640	643	668	686	709	695	680
Vogaskóli	311	306	308	301	308	305	313	322	331

Tafla 6. Fjöldi barna í 1.-10. bekk með lögheimili og fjöldi íbúða í hverfi Langholtsskóla og Vogaskóla 2016.

	Börn	Íbúðir
Lögheimili í Langholtsskólahverfi	743	2.499
Lögheimili í Vogaskólahverfi	288	1.150
Álfheimar 56-72 og 31-35	38	95
Glaðheimar	15	64
Sólheimar 25	5	44
Hlunnvogur/Sigluvogur	24	54



Tillaga starfshópsins: Að Álfheimar 31-35, Glaðheimar, Sólheimar 25, Hlunnvogur og Sigluvogur flytjist úr hverfi Langholtsskóla yfir í hverfi Vogaskóla. Þessi breyting taki gildi við innritun skólaárið 2017-2018 fyrir nýja nemendur. Breytingin nái ekki til nemenda sem búa við þessar götur og hafa þegar hafið skólagöngu, þeir nemendur geti lokið henni þar sem þeir eru í dag. Vegna fyrirhugaðrar íbúðabygginga í nýju hverfi, Vogabyggð, þarf að vera rými til staðar í Vogaskóla fyrstu ár þeirrar byggðar.

Um reglur Reykjavíkurborgar um skólahverfi og innritun í grunnskóla Reykjavíkur

Starfshópurinn leggur til að settar verði nýjar reglur í stað núgildandi reglna um skólahverfi og innritun í grunnskóla Reykjavíkur.

Eftirfarandi eru helstu breytingar:

Bætt er við upplýsingum um gildissvið reglnanna.

Fram kom í 1. gr. :

Reykjavíkurborg er skipt upp í 36 skólahverfi eins og sjá má á heimasíðu Menntasviðs Reykjavíkur: <http://www.menntasvid.is>

Verði:

Í Reykjavíkurborg eru 34 almennir borgarreknir skólar sem skiptast upp í 37 skólahverfi. Skólahverfin má sjá eftir götum á heimasíðu skóla – og frístundasviðs Reykjavíkur: <http://reykjavik.is/allir-grunnskolar> með því að velja borgarhluta og síðan grunnskóla. Einnig er hægt að sjá skólahverfin myndrænt með því að nota borgarvefsjá Reykjavíkurborgar: <http://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/> með því að velja *opna valglugga – Borgarskipting* og haka í *Grunnskólahverfi*.

Í 2. gr. verður til nýtt ákvæði sem kveður á um umsóknir í grunnskóla Reykjavíkurborgar

Í 3. gr. verður fjallað um val foreldra um grunnskóla, ákvæði 1. gr. núgildandi reglna er svohljóðandi

Var:

1. Allir foreldrar eiga kost á að sækja um skóla fyrir börn sín hvar sem er í borginni samkvæmt innritunarreglum.

Verði:

3. gr. Val um grunnskóla og meðferð umsókna

3.1 Foreldrar eiga kost á að sækja um skóla fyrir börn sín hvar sem er í borginni samkvæmt reglum þessum.

3.2 Nemendur með lögheimili í tilteknu skólahverfi eiga afdráttarlausan rétt á skólavist í hverfis-skóla og því forgang, ef skóli þarf að takmarka nemendafjölda.

3.3 Skóli tekur inn nemendur utan skólahverfis nema húsnæði hamli eða aðrar lögmætar ástæður.

3.4 Við meðferð umsókna skal farið að ákvæðum laga um grunnskóla nr. 91/2008 og stjórnsýslulögum nr. 37/1993.

3.5 Hafni grunnskóli inntöku nemenda þar sem húsnæði hamlar skal skólastjóri tilkynna foreldrum það skriflega þar sem fram komi ástæða synjunar. Foreldrar skulu vera upplýstir um kærurétt skv. 47. gr. grunnskólalaga.

3.6 Hafni grunnskóli inntöku nemenda af öðrum lögmætum ástæðum en að húsnæði hamli inntöku, skal skólastjóri gefa foreldrum kost á að tjá sig um fyrirhugaða synjun. Andmæli foreldra skulu berast skólanum skriflega innan tveggja vikna.

Sé ákvörðun tekin um synjun umsóknar, að loknu mati á athugasemdum frá foreldrum, skal skólastjóri tilkynna það í bréfi til foreldra. Ákvörðun skal vera rökstudd og foreldrar upplýstir um kærurétt skv. 47. gr. grunnskólalaga. Afgreiðsla umsókna skal vera lokið innan mánaðar frá því að umsókn berst til skólans. Ef fyrirsjáanlegt er að afgreiðsla umsóknar muni tefjast upplýsir skólastjóri foreldra um ástæður tafanna og hvenær afgreiðslu er að vænta.

3.7 Nemendur sem sækja skóla í öðru skólahverfi en lögheimili þeirra er, eiga sama rétt til skólavistar og þjónustu og nemendur úr skólahverfi skólans.

Í 2. gr. nógildandi reglna er fjallað um afdráttarlausan rétt til skólavistar í hverfisskóla:

Nemendur með lögheimili í tilteknu skólahverfi eiga afdráttarlausan rétt á skólavist í hverfisskóla og því forgang, ef skóli þarf að takmarka nemendafjölda.

Verði:

Ákvæðið er nú í 3.2 og er óbreytt.

Í 3. gr nógildandi reglna kemur fram

Skóli tekur inn nemendur utan skólahverfis nema húsnæði hamli. Hafni skóli inntöku nemenda á þessum forsendum skal skólastjóri tilkynna foreldrum það skriflega. Komi til aðrar ástæður sem skóli telur að hamli inntöku nemenda, gerir skólastjóri skriflega grein fyrir því og kynnir foreldrum. Foreldrar geta þá vísað málinu til yfirstjórnar Menntasviðs enda sé þeim kynntur sá réttur.

Verði:

Um framangreint er nú fjallað í 3. gr. , sjá 3.3 til 3.6

3.3 Skóli tekur inn nemendur utan skólahverfis nema húsnæði hamli eða aðrar lögmætar ástæður.

3.4 Við meðferð umsókna skal farið að ákvæðum laga um grunnskóla nr. 91/2008 og stjórnarsýslulögum nr. 37/1993.

3.5 Hafni grunnskóli inntöku nemenda þar sem húsnæði hamlar skal skólastjóri tilkynna foreldrum það skriflega þar sem fram komi ástæða synjunar. Foreldrar skulu vera upplýstir um kærurétt skv. 47. gr. grunnskólalaga.

3.6 Hafni grunnskóli inntöku nemenda af öðrum lögmætum ástæðum en að húsnæði hamli inntöku, skal skólastjóri gefa foreldrum kost á að tjá sig um fyrirhugaða synjun. Andmæli foreldra skulu berast skólanum skriflega innan tveggja vikna.

Sé ákvörðun tekin um synjun umsóknar, að loknu mati á athugasemdum frá foreldrum, skal skólastjóri tilkynna það í bréfi til foreldra. Ákvörðun skal vera rökstudd og foreldrar upplýstir um kærurétt skv. 47. gr. grunnskólalaga. Afgreiðsla umsókna skal vera lokið innan mánaðar frá því að umsókn berst til skólans. Ef fyrirsjáanlegt er að afgreiðsla umsóknar muni tefjast upplýsir skólastjóri foreldra um ástæður tafanna og hvenær afgreiðslu er að vænta.

Í 4. gr. nógildandi reglna kemur fram:

Nemendur sem sækja skóla í öðru skólahverfi en lögheimili þeirra er, eiga sama rétt til skólavistar og þjónustu og nemendur úr skólahverfi skólans.

Verði:

Ákvæðið er nú í gr. 3.7 og er óbreytt.

Lagt er til að upplýsingar um innritun 6 ára nemenda og flutningur á milli skóla komi fram í 4. gr. reglnanna.**Fram kemur varðandi Innritun 6 ára nemenda:**

1. Bréf er sent til foreldra um miðjan janúar.
2. Skráning fer fram í Rafrænni Reykjavík seinnihluta febrúarmánaðar.
3. Ef sótt er um hverfis-skóla á þessum tíma berst staðfesting strax.
4. Ef sótt er um annan skóla en hverfis-skóla er umsókn afgreidd fyrir 1. apríl (þ.e. 1. val).
5. Annað val afgreitt fyrir 15. apríl.

Lagt er til að eftirfarandi komi fram í 4. gr. reglnanna:**4. gr. Umsókn og innritun nemenda í 1. bekk grunnskóla**

Tilkynning um hvenær hægt er að skrá nemendur í 1. bekk grunnskóla er send foreldrum í byrjun árs. Skráning fer fram í Rafrænni Reykjavík og ef sótt er um hverfis-skóla nemanda berst staðfesting um skráningu í skólann strax. Ef sótt er um annan skóla en hverfis-skóla er umsókn afgreidd þegar fyrir liggur fjöldi nemenda sem hefur lögheimili í viðkomandi skólahverfi og hefur valið skólann. Um meðferð umsókna fer skv. 3. gr. þessara reglna.

Fram kemur varðandi Flutningur á milli skóla:

1. Foreldrar sækja um flutning á milli skóla í Rafrænni Reykjavík.
2. Flutningur nemenda í skóla utan heimahverfis skal miðast við byrjun annar að hausti eða vori. Skráning fari fram fyrir 15. maí fyrir haustönn og 15. nóvember fyrir vorönn.
3. Viðtökuskóli samþykkir eða hafnar umsókn sbr. innritunarreglur.
4. Skóli sem barn er í gengur frá gögnum og skráir nemanda úr skólanum.

Lagt er til að eftirfarandi komi fram í nýrri 5. gr.**5. gr. Flutningur milli skóla Reykjavíkurborgar**

Foreldrar sækja um flutning á milli skóla í Rafrænni Reykjavík. Skóli sem sótt er um samþykkir eða synjar umsókn til samræmis við 3. gr. þessara reglna.

Í 5. gr. núgildandi reglna kemur fram:

5. Nemendur sem eiga rétt á skólaakstri/strætómiðum eru:
Nemendur í 1.-5. bekk sem búa meira en 1,5 km frá hverfisskóla sínum.
Nemendur í 6.-10. bekk sem búa meira en 2 km frá hverfisskóla sínum.

Um framangreint er nú fjallað í 6. gr og kemur fram:

Nemendur sem eiga rétt á skólaakstri/strætófargjaldi eru:
Nemendur í 1.-5. bekk sem búa meira en 1,5 km göngufjarlægð frá hverfisskóla sínum.
Nemendur í 6.-10. bekk sem búa meira en 2 km göngufjarlægð frá hverfisskóla sínum.

Í núgildandi reglum kemur fram í 6. gr.:

6. Fjármagn fylgir nemanda í samræmi við reikniformúlu þess skóla sem nemandi innritast í eða úthlutunarreglur vegna fatlaðra nemenda.

Lagt er til að ákvæðið ferði fellt á brott.

Í núgildandi reglum kemur fram í 7. gr. :

7. Uni foreldrar ekki ákvörðun skóla hvað varðar þessar reglur geta þeir vísað málinu til yfirstjórnar Menntasviðs.

Lagt er til að ákvæði verði fellt á brott en grunnskólum gert skylt að upplýsa um kærurétt skv. lögum um grunnskóla.

Í núgildandi reglum kemur fram í 8. gr.:

Í kynningarefni og á heimasíðu Menntasviðs komi skýrt fram að foreldrar skólabarna hafi val um grunnskóla með þeim fyrirvörum sem um getur í 2.grein og vakin athygli á að unnt sé að velja einkarekna skóla.

Lagt er til að í 8. gr. komi fram:

Í kynningarefni og á heimasíðu skóla- og frístundasviðs komi skýrt fram að foreldrar skólabarna hafi val um grunnskóla með þeim fyrirvörum sem um getur í 3.grein og vakin athygli á að unnt sé að velja sjálfstætt rekna grunnskóla.

Lagt er til að í 9. gr. verði sett ákvæði til bráðabirgða

9.1. Skólahverfamörk Grandaskóla og Melaskóla yrðu færð þannig að Meistaravellir myndu tilheyra Grandaskóla fyrir nýja nemendur frá hausti 2017. Breytingin nái ekki til nemenda sem búa við þessar götur og hafa þegar hafið skólagöngu, þeir nemendur geti lokið henni þar sem þeir eru í dag.

9.2. Skólahverfamörk Langholtsskóla og Vogaskóla yrðu færð þannig að Álflheimar 31-35, Gláðheimar, Sólheimar 25, Hlunnavogur og Sigluvogur flytjast úr hverfi Langholtsskóla yfir í hverfi Vogaskóla. Þessi breyting taki gildi við innritun skólaárið 2017-2018 fyrir nýja nemendur. Breytingin nái ekki til nemenda sem búa við þessar götur og hafa þegar hafið skólagöngu, þeir nemendur geti lokið henni þar sem þeir eru í dag.

